



***Fornleifaskráning vegna deiluskipulags við
Þeistareyki***



Indriði Skarphéðinsson

2025

Forsíðumynd: Heytóft [3504-041], mynd tekin til suðurs.




© Indriði Skarphéðinsson & Rannveig Þórhallsdóttir
Október 2025

Efnisyfirlit

Abstract	1
Inngangur	2
Skráningarsvæðið	2
Fyrri fornleifaskráningar	3
Fornleifaskráning	3
Þeistareykir	3
[3504-001] tóft – óþekkt	4
[3504-002] tóft – óþekkt	5
[3504-003] tóft – óþekkt	5
[3504-004] tóft – óþekkt	6
[3504-005] tóft – óþekkt	7
[3504-006] tóft – óþekkt	7
[3504-007] garðlag – óþekkt	8
[3504-008] tóft – fjárhús	8
[3504-009] garðlaga – túngarður	9
[3504-010] garðlag – óþekkt	9
[3504-011] garðlag – túngarður	10
[3504-012] garðlag – túngarður	10
[3504-013] garðlag – túngarður	11
[3504-014] þúst – óþekkt	12
[3504-015] þúst – óþekkt	12
[3504-016] tóft – sæluhús	13
[3504-017] tóft – sæluhús	14
[3504-018] tóft – óþekkt	14
[3504-019] tóft – óþekkt	15
[3504-020] garðlag – óþekkt	16
[3504-021] tóft – óþekkt	16
[3504-022] tóft – óþekkt	17
[3504-023] tóft – óþekkt	17
[3504-024] tóft – óþekkt	18

[3504-025]	tóft – óþekkt	19
[3504-026]	tóft – óþekkt	19
[3504-027]	tóft – óþekkt	20
[3504-028]	tóft – óþekkt	21
[3504-029]	tóft – óþekkt	21
[3504-030]	tóft – óþekkt	22
[3504-031]	tóft – óþekkt	22
[3504-032]	tóft – óþekkt	23
[3504-033]	tóft – óþekkt	24
[3504-034]	tóft – óþekkt	24
[3504-035]	dæld – óþekkt.....	25
[3504-036]	tóft – óþekkt	25
[3504-037]	tóft – óþekkt	26
[3504-038]	garðlag – óþekkt.....	26
[3504-039]	tóft – óþekkt	26
[3504-040]	tóft – heygeymsla.....	28
[3504-041]	tóft – óþekkt	28
[3504-042]	garðlag – óþekkt.....	29
[3504-043]	garðlag – óþekkt.....	29
[3504-044]	garðlag – óþekkt.....	30
[3504-045]	þúst – óþekkt	31
[3504-046]	tóft – óþekkt	31
[3504-047]	tóft – óþekkt	31
[3504-048]	bæjarhóll – bæjarstæði	32
[3504-049]	tóft – fjárhús.....	35
[3504-050]	tóft – hesthús	36
[3504-051]	tóft – óþekkt	36
[3504-052]	þúst – óþekkt	37
[3504-053]	tóft – óþekkt	37
[3504-054]	tóft – óþekkt	38
[3504-055]	hleðsla – brunnur.....	38

[3504-056]	þúst – óþekkt	39
[3504-057]	þúst – óþekkt	40
[3504-058]	tóft – óþekkt	40
[3504-059]	dæld – óþekkt	41
[3504-060]	hóll – óþekkt	41
[3504-061]	þúst – óþekkt	42
[3504-062]	tóft – óþekkt	42
[3504-063]	garðlag – óþekkt	43
[3504-064]	heimild – kirkja	43
Niðurstöður		44
Heimildaskrá		45
Viðauki I. Vegna tilefnis		46
Viðauki II. Minjaskrá		48
Viðauki III. Minjakort		50



Kort 1. Staðsetning skráningarsvæðisins.

Abstract


Þingeyjarsveit commissioned Sagnbrunnur ehf, to carry out an archaeological survey of an area at Þeistareykir due to land use planning. The project has the registration nr. 3504. A total of 64 protected archaeological features were documented during the survey, all of which had been recorded in previous surveys. The study area covers approximately 33 hectares in and around the old homefield of Þeistareykir. In accordance with Icelandic Heritage Law No. 80/2012, all archaeological remains that are 100 years or older are automatically protected. These remains may not be disturbed or altered without explicit permission from the Cultural Heritage Agency of Iceland.

Inngangur

Að beiðni Þingeyjarsveitar tók Sagnabrunnur ehf. að sér fornleifaskráningu vegna deiluskipulags við Þeistareyki. Fulltrúi verkkaupa var Anna Bragadóttir og fékk verkið verkefnanúmerið 3504 hjá Minjastofnun Íslands. Samkvæmt 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 skal skráning á fornleifum, húsum og mannvirkjum fara fram áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda gefið út. Tilgangur fornleifaskráningar er að kanna skv. þeim lögum heimildir um fornleifar á skipulagssvæðinu til að meta eins nákvæmlega og unnt er hvort fornleifar sjáist á yfirborði eða gætu leynst undir sverði.

Farið var á vettvang þann 7. október síðastliðinn og svæðið tekið út, í heildina voru skráðar 64 minjar í og við skráningarsvæðið og höfðu allar þær minjar verið skráðar í fyrri fornleifaskráningum á svæðinu.

Skráningarsvæðið



Kort 2. Afmörkun skráningarsvæðisins með rauðri línu.

Skráningarsvæðið er rúmir 33 hektarar og staðsett í kringum gamla heimatúnið á Þeistareykjum.

Fyrri fornleifaskráningar

Fyrstu athuganir á fornleifum á Þeistareykjum fóru fram árið 1992 en þá flaug Garðar Guðmundsson hjá Fornleifastofnun Íslands (FSÍ) yfir staðinn og myndaði minjar í heimatúninu úr lofti. Árið 2001 fór svo fyrsta eiginlega fornleifaskráningin fram þegar FSÍ tók að sér fornleifaskráningu í heimatúninu á Þeistareykjum og í næsta nágrenni við það. Voru þá skráðir 40 minjastaðir og voru 35 þeirra innan heimatúnsins. Minjarnar voru handteiknaðar og hnitsettar með litlum GPS-tækjum en aðeins hluti þeirra ljósmyndaður. Á árunum 2006, 2007 og 2008 skráði FSÍ fornleifar í Þeistareykjarlandi: aðalskráning árið 2006, vegna fyrirhugaðs línustæðis árið 2007 og vegna fyrirhugaðrar vegagerðar árið 2008. Árið 2008 vann Fornleifavernd ríkisins (nú Minjastofnun Íslands) úttekt á ýmsum háhitasvæðum vegna annars áfanga rammaáætlunar og kannaði meðal annars minjar í Þeistareykjalandi og mældi upp stóran hluta þekktra minjastaða með Trimble Pro XRS-gps-tækjum. Árið 2021 vann FSÍ í því að taka saman upplýsingar um fornleifar í Þeistareykjarlandi sem áður höfðu verið skráðar og gefa út í einni skýrslu, voru þá einnig skráðar 18 áður óskráðar minjar út frá loftmyndum (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021; Sigurður Bergsteinsson 2008; Uggi Ævarsson 2007, 2008; Orri Vésteinsson 2001).

Fornleifaskráning

Í heildina voru skráðar 64 minjar og höfðu allar þeirra verið skráðar að einhverju leyti í fyrri skráningu (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021; Sigurður Bergsteinsson 2008; Orri Vésteinsson 2001). Voru áður skráðar minjar staðsettar og mældar inn við skráningu nú. Við fornleifaskráninguna voru helstu heimildir skoðaðar svo sem eldri skráningar, búnaðarrit, örnefnaskrár, túnakort, gamlar og nýjar loftmyndir o.s.frv. Ásamt þessu var gengið um allt svæðið og það skoðað á vettvangi.

Þeistareykir

Jarðarinnar er fyrst getið í málðaga Múlakirkju frá árinu 1318 (DI II 434) þar sem kirkjan er sögð eiga jörðina en ekki er vitað hvenær byggð hefst á staðnum en líklega var föst búseta á staðnum á 14. og 15. öld (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:10; Íslenzkt fornbréfasafn:434).

Í Jarðabók Árna og Páls er jörðin metin 20 hundruð að dýrleika og hefur verið í eyði í tvö ár um 1712. Útigangur á jörðinni er sagður góður en getur spillst í miklum fönnum, hestaganga í betra lagi, torfista léleg en grastekja góð og notuð af ýmsum án leyfis. Sandfok spillir suðurhluta túnsins og kirkjuvegur langur og erfiður. Ekki eru taldar miklar líkur á að jörðin byggist aftur vegna langra vegalengda (Árni Magnússon & Páll Vídalín 1943:211-212; Sigurður Bergsteinsson 2008:6). Á 18-19. öld voru Þeistareykir að mestu í eyði en trúlega var búskapur á staðnum af og til. Síðast var búið að Þeistareykjum á árunum 1868-1873, þó að jörðin hafi verið í eyði eru líkur á því að hún hafi verið alltaf nytjuð að einhverju leyti allt fram til ársins 1955 (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:11-12).

Á Þeistareykjum var ein af fjórum brennisteinsnámum á Norðurlandi og trúlega hefur verið numinn brennisteinn á staðnum á 16. og 17. öld og líka á 18-19. öld, þó í minna mæli. Síðasta tilraun til brennisteinsnáms á staðnum hefur líklega verið um 1876 þegar Englendingur að nafni Lock gerði árangurslausar tilraunir ásamt flokki manna til brennisteinsnáms Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:11; Sigurður Bergsteinsson 2008:7; Ólafur Olavíus 1964-1965)

[3504-001] tóft – óþekkt

Minjarnar voru skráðar af FSÍ árið 2021 af loftmynd undir númerinu SÞ-250x:113_01 (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:92). Um er að ræða 10x9 m stóra tvíhólfa tóft með misstórum rýmum, það minna þétt norðvestan við það stærra. Stærra rýmið er um 4x4 m að innanmáli og gengið er inn í það frá vestri, í miðju rýminu glittir í stórgrýti sem stendur lágt upp úr grassverðinum. Minna rýmið er um 2x1,2 m að innanmáli og inngangur er til vesturs. Veggir tóftarinnar eru um 0,1-0,4 m á hæð og 0,8-1,2 m á breidd. Hlutverk minjanna er ekki þekkt en þær minna einna helst á lítinn stekk.



Mynd 1. Tóft [3504-001], mynd tekin til suðvestur.

[3504-002] tóft – óþekkt

Minjarnar voru skráðar af FSÍ árið 2001 og aftur 2021 undir númerunum SP-250x:010 & SP-250x:010_01 og mældar upp af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 undir númerinu 537 (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:92; Sigurður Bergsteinsson 2008). Í fyrri skráningu segir um tóftina:

„Tóftin og nánasta umhverfi

hennar er grasi gróið en hún er á lágu lyngmóaholti fast vestan við hið eiginlega tún.

Tóftin snýr norður-suður og er 12 m löng og 5-6 m breið. Hún er einföld, en þó er veggur innan við suðurgafl þannig að lítið hólfi eða bás myndast við innganginn sem er syðst á austur langhlið. Grjót sést í sverði í botni tóftarinnar sunnantil og í austurvegg að utan.

Þar er rof í vegginn og sést að grjóthleðslan er ekki meir en 0,7 m breið og bendir það til að tóft þessi sé af rétt eða stekk fremur en húsi“ (Orri Vésteinsson 2001:17-18).

Ekki sáust nein ummerki um grjót í botni tóftarinnar eða rof í veggjum og hafa þau sár trúlega gróið á þeim 24 árum sem liðin eru á milli skráninga. Tóftinni hallar lítillega til suðurs og veggir hennar eru 0,3-0,5 m á hæð og 0,8-1,2 m á breidd. Þúst [3504-058] stendur um 6 m sunnan og neðan við tóftina.

[3504-003] tóft – óþekkt

Minjarnar voru skráðar af FSÍ árið 2001 og aftur 2021 undir númerinu SP-250x:009 og mældar upp af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 undir númerinu 536 (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:92; Sigurður Bergsteinsson 2008). Í fyrri skráningu segir um tóftina:

„Tóftin er á snöggrónum valllendisflata utan hins eiginlega túns. Umhverfis eru þýfðir lyngmóar. Þessi tóft er einna næst tjörninni af tóftum á Þeistareykjum en þó eru þangað



Mynd 2. Tóft [3504-002], mynd tekin til norðurs.



Mynd 3. Tóft [3504-003], mynd tekin til suðausturs.

um 300 m. Tóftin er um 10 x 6 m stór og skiptist í þrjú hólf. Hún snýr austur-vestur og skiptist í tvö aflöng samsíða hólf og lítið hólf austan við það nyrðra.“ (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:31).

Veggir tóftarinnar eru um 0,2-0,4 m á hæð og 0,5-1,2 m á breidd. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt og stendur hún utan túngarðar.

[3504-004] tóft – óþekkt

Minjarnar voru skráðar af FSÍ árið 2021 undir númerinu SP-250x:109 og mældar upp af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 undir númerinu 535 (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:92; Sigurður Bergsteinsson 2008). Í fyrri skráningu segir um tóftina:

„Tóftin er á snöggrónum valllendisflata utan hins eiginlega

túns. Umhverfis eru þýfðir lyngmóar. Tóftin er vart meira en hringlaga hvompa, um 5 x 5 m að stærð og hugsanlegt er að op hafi verið á suðurhlið. Ekki er hægt að segja um það með vissu hvort þarna hafi verið mannvirki, ýmislegt bendir til þess en ummerkin gætu líka hugsanlega verið gróinn rofblettur.“ (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:90).



Mynd 4. Tóft [3504-004], mynd tekin til vesturs.

Við þetta er bætandi að veggir tóftarinnar eru um 0,1-0,3 m á hæð og 0,6-1,2 m á breidd.

Norðurvegg tóftarinnar hefur verið nokkuð raskað af kindastíg sem liggur yfir hann. Hlutverk minjanna er ekki ljóst og gæti verið um náttúrumyndun að ræða.

[3504-005] tóft – óþekkt

Minjarnar voru skráðar af FSÍ árið 2021 undir númerinu SP-250x:110 og mældar upp af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 undir númerinu 534 (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:92; Sigurður Bergsteinsson 2008). Um er að ræða 8,5x4,5 m stóra ferhyrnda tóft sem liggur austur-vestur og er opin til vesturs. Tóftin stendur tæpt á bakka

lækjargravnings þétt norðan við hana og er norðurveggur hennar nokkuð sokkinn sökum þess. Veggir tóftarinnar eru um 0,1-0,3 m á hæð og 0,7-1,5 m á breidd og hallar tóftinni lítillega til vesturs.



Mynd 5. Tóft [3504-005], mynd tekin til vesturs.

[3504-006] tóft – óþekkt

Minjarnar voru skráðar af FSÍ árið 2001 og aftur 2021 undir númerunum SP-250x:007 & SP-250x:007_01 og mældar upp af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 undir númerinu 523 (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:28; Sigurður Bergsteinsson 2008; Orri Vésteinsson 2001:16-17).

Tóftin stendur á lágum rústahól um 12x12 m að stærð nokkra metra vestan við veginn. Tóftin sjálf er einföld, um 7x7 m að stærð og gróflega ferhyrningslaga, inngangur virðist vera inn í hana sunnan megin en hann er illgreinanlegur. Veggir tóftarinnar eru um 0,2-0,4 m á hæð og 0,5-1,5 m á breidd, nokkru mjórri á norður og suðurhlið. Á einum stað mátti sjá grjótt standa upp úr grassverðinum í vegghleðslu. Hlutverk minjanna er ekki þekkt en garðlag [3504-007] liggur til norðurs frá tóftinni og virðist afmarka smá skika norðan við hana.



Mynd 6. Tóft [3504-006], mynd tekin til suðvesturs.

[3504-007] garðlag – óþekkt

Minjarnar voru skráðar af FSÍ árið 2021 undir númerinu SP-250x:007_02 og mældar upp af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 undir númerinu 519 (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:29; Sigurður Bergsteinsson 2008). Stutt norðan við tóft [3504-006] mótast fyrir sokknu garðlagi sem afmarkar 10x5 m svæði eða kró þétt norðan við tóftina með opi til norðurs og liggur austurhlíð garðlagsins áfram í norður að garðlagi [3504-011]. Garðlagið er um 0,1-0,3 m á hæð og 1,2-2 m á breidd og er það nokkuð ógreinilegra en önnur garðlög sem liggja á svæðinu. Hlutverk minjanna er ekki ljóst en austan við bæjarhólinn skipta garðlög túninu í nokkur hólfi.



Mynd 7. Garðlag [3504-007], mynd tekin til suðvesturs.

[3504-008] tóft – fjárhús

Minjarnar voru skráðar af FSÍ árið 2001 og aftur 2021 undir númerunum SP-250x:008 & SP-250x:008_02 og mældar upp af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 undir númerinu 524 (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:30; Sigurður Bergsteinsson 2008; Orri Vésteinsson 2001:17). Tóftin er sambyggð garðlögum [3504-009 & -011]



Mynd 8. Tóft [3504-008], mynd tekin til suðurs.

sem ásamt öðrum görðum myndar gerði í túninu og stendur tóftin í suðvesturhorni gerðisins. Tóftin liggur gróflega norður-suður og skiptist í þrjú hólfi, tvö þeirra vel greinanleg norðan og sunnan megin í tóftinni, þriðja rýmið er staðsett suðvestan megin í tóftinni og er heldur ógreinilegra en hin tvö. Inngangar inn í rýmin eru illgreinanlegir en það virðist vera gengið inn í rýmið norðan megin frá austri, syðra rýmið frá vestri og litla rýmið frá suðri en ekki virðist vera innangengt á milli rýmanna þriggja. Lítil garði er í rýminu norðan megin og liggur hann inn í mitt rýmið frá suðurvegg þess. Tóftin er í heildina 11,5x8,5 m að stærð og veggir hennar eru um

0,3-0,4 m á hæð og 1-1,5 m á breidd. Í skráningarskýrslu Fornleifaverndar ríkisins er tóftin talin vera fjárhús og hlaða sem líklega var í notkun á 19. öldinni (Sigurður Bergsteinsson 2008:11) og er það ekki ótrúleg skýring.

[3504-009] garðlaga – túngarður

Minjarnar voru skráðar af FSÍ árið 2001 og aftur 2021 undir númerunum SP-250x:008 & SP-250x:008_01 og mældar upp af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 undir númerinu 526 (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:29; Sigurður Bergsteinsson 2008; Orri Vésteinsson 2001:17). Garðlagsbútur



Mynd 9. Túngarður [3504-009], mynd tekin til suðvesturs.

sem liggur á um 20 m löngum kafla á milli tófta [3504-008 & -062]. Garðlagið afmarkar vesturhlið á um 63x35 m stóru gerði ásamt garðlögum [3504-044 & -011] vestan við bæjarhólinn á Þeistareykjum. Garðlagið er nokkuð sokkið, um 0,3-0,4 m á hæð og 1,8-2,5 m á breidd.

[3504-010] garðlag – óþekkt

Minjarnar voru skráðar af FSÍ árið 2021 undir númerinu SP-250x:008_02 og mældar upp af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 undir númerinu 521 (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:30; Sigurður Bergsteinsson 2008). Garðlagið liggur á um 60 m löngum kafla, austur-vestur, um 3 m innan við og samsíða garðlagi [3504-011]. Við vesturenda garðlagsins, þétt við tóft



Mynd 10. Garðlag [3504-010], mynd tekin af dróna af Ómari Val Jónassyni.


[3504-008] tekur það vinkilbeygju til norðurs sem myndar krók á vesturendanum. Garðlagið er nokkuð sokkið og ógreinilegra en garðlöginn þrjú sem afmarka gerði suðvestast í túninu. Garðlagið er 0,1-0,2 m á hæð og á bilinu 0,5-1,5 m á breidd. Er þess getið í skráningu

Fornleifaverndar ríkisins að garðlagið gæti verið leifar túngarða sem eldri eru en þeir sem greinilegastir eru á svæðinu nú (Sigurður Bergsteinsson 2008:11).

[3504-011] garðlag – túngarður

Minjarnar voru skráðar af FSÍ árið 2001 og aftur 2021 undir númerunum SÞ-250x:008 & SÞ-250x:008_02 og mældar upp af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 undir númerinu 520 (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:29; Sigurður Bergsteinsson 2008; Orri Vésteinsson 2001:17).

Garðlagsbútur sem liggur á um 63 m löngum kafla til austurs frá tóft [3504-008]. Garðlagið afmarkar suðurhlið á um 63x35 m stóru gerði ásamt garðlögum [3504-044 & -009] vestan við bæjarhólinn á Þeistareykjum. Garðlagið liggur gróflega austur-vestur en við austurenda þess tekur það mjúka beygju til norðurs. Um 3 m norðan við garðlagið liggur garðlag [3504-010] samsíða því á um 44 m löngum kafla og þétt norðan við austurenda þess liggur þúst [3504-045]. Garðlagið er um 0,2-0,4 m á hæð og 1,5-2,5 m á breidd.



Mynd 11. Garðlag [3504-011], mynd tekin af dróna af Ómari Val Jónassyni.

[3504-012] garðlag – túngarður

Minjarnar voru skráðar af FSÍ árið 2001 og aftur 2021 undir númerinu SÞ-250x:041 og mældar upp af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 undir númerinu 515 (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:54; Sigurður Bergsteinsson 2008:12; Orri Vésteinsson 2001:28). Í fyrri skráningu segir um garðlagið:



Mynd 12. Garðlag [3504-012], mynd tekin til austurs.

„Garðlag er um 100 m NNA af tóft 030 [3504-33]. Garðlagið snýr austur-vestur og er líklega hluti af túngarði. Á sléttum harðbala en valllendisgróðri er lokið svo norðarlega í túninu og lyng tekið við. Engin sérstök skil eru á gróðri eða landslagi þar sem garðurinn er og heldur ekki þar sem hann endar. Garðurinn er hlykkjóttur, alls 55 m langur og um 1,5 m breiður. Stefna þessa garðlags er önnur en 040 [3504-013] og geta þau ekki verið hlutar af sama túngarði. Þessi er greinilega yngri og hefur afgirt heldur minna tún en 040.“ (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:54).

Garðlagið er um 0,1-0,2 m á hæð og á bilinu 1,5-2,5 m á breidd. Garðurinn virðist klofna í vesturendann en er þar mikið sokkinn og útlínur hans nokkuð óskýrar.

[3504-013] garðlag – túngarður

Minjarnar voru skráðar af FSÍ árið 2001 og aftur 2021 undir númerinu SP-250x:040 og mældar upp af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 undir númerinu 516 (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:53; Sigurður Bergsteinsson 2008:12; Orri Vésteinsson 2001:27). Í fyrri skráningu segir um garðlagið:



Mynd 13. Garðlag [3504-013], mynd tekin til suðausturs.

„Garðlag er tæpum 60 m norðaustur af austurenda garðlags 041 [3504-012]. Vesturendi þess er 25 m suðvestur af norðurenda grófarinnar úr Bóndhólsskarði. Við vesturenda garðsins liggja fjölmargar reiðgötur til norðausturs og við austurenda hans er bíslóði þvert á hann sem liggur frá sæluhúsi og áfram til norðausturs meðfram Ketilfjalli. Garðlagið er líklegast hluti af túngaði. Hún er á sléttum harðbala en valllendisgróðri er lokið svo norðarlega í túninu og lyng tekið við. Engin sérstök skil eru á gróðri eða landslagi þar sem garðurinn er og heldur ekki þar sem hann endar. Garðurinn er hlykkjóttur, alls 70 m langur. Hann er mun lægri og ógreinilegri en 041, víðast um 3 m breiður og algerlega sprunginn í þúfur. Stefna þessa garðlags er önnur en 041 og geta þau ekki verið hlutar af sama túngarði. Þessi er greinilega eldri og hefur afgirt heldur stærra tún en 041.“ (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:53).

Garðlagið er nokkuð sokkið og illgreinilegt, það er um 0,1-0,2 m á hæð og 1,5-2,5 m á breidd.

[3504-014] þúst – óþekkt

Minjarnar voru skráðar af FSÍ árið 2021 undir númerinu SP-250x:112 og mældar upp af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 undir númerinu 488 (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:91; Sigurður Bergsteinsson 2008).

Um er að ræða lága þúst með nokkuð illgreinanlegu lagi. Þústin er staðsett þétt ofan við veginn um 40 m norðaustan við

sæluhúsið á Þeistareykjum. Í fyrri skráningum er þústin sögð með tveimur hólfum en aðeins sást móta fyrir einu við skráningu nú. Minjarnar eru um 9,5x4 m að stærð með leguna austur-vestur og mótar það fyrir litlu hólfi vestan megin í þústinni sem gengt er inn í frá vestri. Minjarnar eru þó mikið sokknar og útlínur orðnar illgreinanlegar. Þústin stendur um 0,1-0,2 m á hæð og veggir eru um 0,4-1 m á breidd.



Mynd 14. Þúst [3504-013], mynd tekin til suðurs.

[3504-015] þúst – óþekkt

Minjarnar voru skráðar af FSÍ árið 2021 undir númerinu SP-250x:111 og mældar upp af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 undir númerinu 489 (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:91; Sigurður Bergsteinsson 2008).

Um er að ræða 5,7x6 m stóra hringlaga þúst sem stendur um 8 m frá sæluhúsinu á Þeistareykjum. Þústin rís um 0,1-0,2 m

upp úr u svæðinu í kring og tvær misstórar dældir eru greinilegar í henni, norðan og sunnan megin. Minjarnar eru illgreinanlegar og ekki er útilokað að um náttúrumyndun sé að ræða.



Mynd 15. Þúst [3504-015], mynd tekin til norðurs.

[3504-016] tóft – sæluhús

Minjarnar voru skráðar af FSÍ árið 2001 og aftur 2021 undir númerinu SP-250x:003 & SP-250x:003_01 (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:25-26; Orri Vésteinsson 2001:15). Í fyrri fornleifaskráningu segir svo um minjarnar:



Mynd 16. Sæluhús [3504-016], mynd tekin til austurs.

„Í Þeistareykjatóftu standa tvö sæluhús á barmi grófarinnar. Það neðra er eldra og fremur lélegt, en það mun standa nærri gömlu bæjarrústunum," segir í bókinni Ódádahraun I og á öðru stað í sömu bók er húsinu lýst: "Nýrra sæluhúsið stendur ofar með grófinni og nær henni. Það er myndarlegt hús, hlaðið úr grjóti með tyrfdú járnþaki. Norðurstafn hússins er steypdur og tvöfaldur. Má leiða gufu frá hver, sem er í gili rétt hjá húsinu inn í vegginn og þannig hita húsið. Húsið væri hið ágætasta til gistingar, ef pallur væri í nokkrum hluta þess, eða bálkar til þess að liggja á og önnur smápægindi." Nú er á Þeistareykjum "vandað gangnamannahús í eigu Aðaldælahrepps, byggt 1958 ... og gamli kofinn nú nýttur fyrir hesthús ..." segir í Byggðum og Búum í Suður-Þingeyjarsýslu. Núverandi sæluhús er "A" hús efst í Þeistareykjatóftu. Húsið sem hér er skráð og er eldra sæluhús er um 40 m vestan við núverandi hús. Á þessum stað eru tvenns konar ummerki, annars vegar eldra hús - grjóthlaðið 003_01 og hins vegar tóft 003_02 [3504-017] samsíða með steypubrotum, e.t.v. af eldra húsi. Samtals eru ummerkin á svæði sem er um 20 x 15 m stórt og snýr norður-suður. Á valllendisgrund í aflíðandi brekku, efst í gamla Þeistareykjatóftu, á barmi hveragrófar. Þegar húsið var skráð árið 2001 stóð það undir þaki en það hefur síðan hrunið inn í það. Lýsing hússins árið 2001 var eftirfarandi: Hús 003_01 um 11 x 8 m stórt og snýr h.u.b. austur-vestur. Langveggir hússins eru grjóthlaðnir en austurgafi steypdur. Tréþil er fyrir vesturgafi og þar dyr á húsinu. Húsið er niðurgrafið í austurenda. Grjóthleðslur eru byrjaðar að springa að norðanverðu en að öðru leyti er húsið í góðu standi og nýlegt bárujárnþak á því." (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:25-26).

Gamla sæluhúsið hefur tekið nokkrum breytingum frá því að það var fyrst skráð 2001 og er nú þilið og ummerki um bárujárnsþakið horfin, eftir stendur torf og grjóthlaðin tóft með steypum vegg innst. Veggir standa 0,5-1,5 m á hæð og um 1,2-2 m á breidd.

[3504-017] tóft – sæluhús

Minjarnar voru skráðar af FSÍ árið 2001 og aftur 2021 undir númerinu SP-250x:003 & SP-250x:003_02 og mældar upp af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 undir númerinu 490 (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:27; Sigurður Bergsteinsson 2008; Orri Vésteinsson 2001:15). Í fyrri fornleifaskráningu segir svo um minjarnar:

„Norðan við sæluhús 003_02 er tóft eða gerði. Við fornleifaskráningu 2002 er ummerkjunum lýst sem 11 x 10 m stórum vegg sem virðist afmarka hússtæði en samkvæmt uppmælingu Fornleifaverndar mætti ætla að hleðslan marki af austur-, vestur- og norðurhliðar og sé samtals um 13.5 x 11.5 m stór en ekki er fjallað sérstaklega um hana í skýrslu. Mannvirkið snýr austur vestur. Innan þess er grjóthrúga, að mestu gróin en glyttir í steypubúta. Hún er um 4.5 x 3.2 m stór.“ (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:27)

Þegar minjarnar voru heimsóttar nú sást engin ummerki grjóthrúgu og steypu en trúlega er það horfið undir grassvörðinn. Útlit minjanna nú minnir einna helst á gerði uppi við sæluhúsið en vel má vera að þarna hafi eldri sæluhúsið staðið. Veggir tóftarinnar standa um 0,4-0,6 m á hæð og á bilinu 1-2 m á breidd.



Mynd 17. Tóft [3504-017], mynd tekin til vesturs.

[3504-018] tóft – óþekkt

Minjarnar voru skráðar af FSÍ árið 2001 og aftur 2021 undir númerinu SP-250x:036 (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:52; Orri Vésteinsson 2001:26). Minjarnar eru staðsettar miðja veginu á milli bæjarhólsins og nýja sæluhússins á Þeistareykjum um 5 m norðan við veginn. Um er að ræða 8,5x6,5 m stóra einhólfa tóft. Tóftin er líkt og hálfhringur í laginu og nokkuð breiðari vestan megin. Inngangur er ekki vel greinanlegur en hann virðist vera á vesturhlið hennar. Innra rými tóftarinnar er 3,8x3 m að stærð og veggir hennar 0,2-0,4 m á hæð og 1-2 m á breidd.



Mynd 18. Tóft [3504-018], mynd tekin til norðvesturs.

[3504-019] tóft – óþekkt

Minjarnar voru skráðar af FSÍ árið 2001 og aftur 2021 undir númerinu SP-250x:035 og mældar upp af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 undir númerinu 492 (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:51; Sigurður Bergsteinsson 2008; Orri Vésteinsson 2001:26). Minjarnar eru staðsettar um 17 m norðan við veginn sem liggur milli



Mynd 19. Tóft [3504-019], mynd tekin til austurs.

bæjarhólsins og sæluhússins á Þeistareykjum. Um er að ræða 12,5x6,5 m stóra tóft með leguna austur-vestur. Rými er í henni miðri sem gengt er inn í vestarlega á suðurvegg tóftarinnar, innst í rýminu gengur lár garði frá miðjum austurveggnum til vesturs. Á austurhlið tóftarinnar mótast fyrir litlu rými eða kró, 1,3x3 m að stærð, sem opin er til suðurs. Vesturveggur tóftarinnar virðist vera tvöfaldur þar sem gengið er inn í tóftina. Veggir tóftarinnar eru um 0,3-0,5 m á hæð og 0,6-2 m á breidd. Hlutverk minjanna er ekki þekkt en garðinn í tóftinni bendir til þess að um skepnuhús sé að ræða.

[3504-020] garðlag – óþekkt

Minjarnar voru skráðar af FSÍ árið 2001 og aftur 2021 undir númerunum SÞ-250x:033 & SÞ-250x:033_01 (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:51; Orri Vésteinsson 2001:26). Í fyrri fornleifaskráningu segir:

„Um 25 m austur af austurenda tóftar 033 [3504-021] og um 60 m ASA af bæjarhól 001 [3504-048]

er lítið hringlaga gerði. Það er um 50 m suðvestur af 029 [3504-032]. Gerðið er í túni. Gerðið er nokkurnvegin hringlaga og 13x12 m að utanmáli. Rof hefur verið í veggjum og afmyndað þá - en það er nú gróið. Breidd veggja er um 1,5 m. Op hefur verið á suðurhlið.“ (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:51)

Við þetta er bætandi að garðlagið afmarkar rými sem er um 6x7 m að innanmáli og er vegg hæð á bilinu 0,2-0,5 og breidd veggja á milli 1-2 m. Nokkuð þýft er á svæðinu og er garðlagið misgreinilegt í þýfinu.

[3504-021] tóft – óþekkt

Minjarnar voru skráðar af FSÍ árið 2001 og aftur 2021 undir númerunum SÞ-250x:033 og SÞ-250x:033_01 og mældar upp af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 undir númerunum 494, 495 og 496 (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:50; Sigurður Bergsteinsson 2008; Orri Vésteinsson 2001:26). Í fyrri fornleifaskráningu segir:

„Fast austan við veginn sem liggur meðfram bæjarhólnum 001 að austan eru talsverð ummerki. Þar er greinileg stór tóft sem liggur samsíða veginum um 2 m frá honum 032_01 [3504-021] en skammt norðan við hana er önnur tóft sem liggur til austurs og snýr þvert á þá fyrrnefndu 033_02 [3504-023] að auki voru ummerki skammt austan við



Mynd 20. Tóft [3504-020], mynd tekin til vesturs.



Mynd 21. Tóft [3504-021], mynd tekin til norðurs.

tóftina 033_03 [3504-022]. Tóftirnar eru í framhaldi af bæjarhólnum, austan vegar. Þær eru í túni, fast við bæjarhól og er tóftin á hæð eða rústabungu sem líta má á sem framhald bæjarhólsins til austurs. Bíslóðir eru fast vestan og suðvestan við tóftina. Stærsta tóftin 033_01 [3504-022] er tvískipt og samtals um 27 x 7 m stór. Hún snýr því sem næst norður-suður. Ekki er greinilegt op á hana en garðlag virðist ganga til suðurs í framhaldi af austurvegg. Fornleifavernd ríkisins mældi minjar á þessum slóðum upp árið 2008 undir númerunum 494 en þá virðist aðeins austurveggur hafa verið vel greinilegur“ (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:50).

Við skráningu nú var aðeins mældur upp austurveggur tóftarinnar og tvær dældir, önnur þétt vestan við miðjan austurvegginn og hin við norðurenda hans. Dældirnar eru 0,1-0,3 m djúpar og eru trúlega innri rými tóftarinnar. Vesturhluti tóftarinnar sem skráður var árið 2001 er að mestu leyti horfinn í þýfi og var ekki greinilegur við vettvangsskoðun. Austurveggur tóftarinnar er þó enn vel greinanlegur og stendur um 0,2-0,4 m á hæð og 1-1,5 m á breidd.

[3504-022] tóft – óþekkt

Minjarnar voru skráðar af FSÍ árið 2001 og aftur 2021 undir númerinu og SP-250x:033_03 (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:51; Orri Vésteinsson 2001:26). Í fyrri fornleifaskráningu segir:

„Austan við suðurenda tóftar 033_01 [3504_021] er skeifulaga hvirfing sem gæti verið örsmá tóft eða gróin hverahola. Hún er 2 x 2 m að stærð.“ (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:51)

Ekki sást nein ummerki um tóftina á vettvangi en nokkuð þýft er á svæðinu og snjóföln lá yfir.

[3504-023] tóft – óþekkt

Minjarnar voru skráðar af FSÍ árið 2001 og aftur 2021 undir númerunum SP-250x:033 og SP-250x:033_02 og mældar upp af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 undir númerinu 493 (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:51; Sigurður Bergsteinsson 2008;



Mynd 22. Tóft [3504-023], mynd tekin til austurs.

Orri Vésteinsson 2001:26). Í fyrri fornleifaskráningu segir:

„Við norðausturhorn tóftar 033_01 [3504_021] gengur önnur tóft 033_02 [3504_023] til austurs og myndar krappt horn við hina, Tóftin er 10 x 6 m að stærð og virðist einföld. Op hefur líklega verið á vesturgafli. Suður af austurenda hennar eru þúfnaklasar sem gætu verið vísbendingar um mannvirkjaleifar.“ (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:51).

Veggir tóftarinnar eru um 0,2-0,4 m á hæð og 1-1,5 m á breidd. Tóftin liggur á nokkuð þýfðu svæði og eru útlínur hennar ekki mjög greinilegar í þýfinu.

[3504-024] tóft – óþekkt

Minjarnar voru skráðar af FSÍ árið 2001 og aftur 2021 undir númerinu SP-250x:026 og mældar upp af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 undir númerinu 509 (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:46; Sigurður Bergsteinsson 2008; Orri Vésteinsson 2001:24). Minjarnar eru staðsettar í tóftaþyrpingu um 24 m norðaustan við



Mynd 23. Tóft [3504-024], mynd tekin til vesturs.

bæjarhólinn. Um er að ræða nokkuð sokkna tóft og eru útlínur hennar nokkuð ógreinilegar. Tóftin er um 11x7,8 m að stærð með leguna nálægt því austur-vestur, tvö rými eru í tóftinni austan og vestan megin. Gengt er inn í vestara rýmið frá norðri en í austara rýmið frá austri, ekki var að sjá við vettvangsskoðun að gengt væri á milli rýmanna tveggja. Uppmælingar frá árunum 2001 og 2008 sýna hins vegar að inngangur virðist vera á milli rýmanna tveggja og enginn inngangur er á austurhlið tóftarinnar (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:46; Orri Vésteinsson 2001:24). Veggir tóftarinnar eru um 0,2-0,4 m á hæð og um 1-2 m á breidd.

[3504-025] tóft – óþekkt

Minjarnar voru skráðar af FSÍ árið 2001 og aftur 2021 undir númerinu SP-250x:025 og mældar upp af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 undir númerinu 507 (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:46; Sigurður Bergsteinsson 2008; Orri Vésteinsson 2001:24). Minjarnar eru staðsettar í tóftabyrpingu um 25 m norðaustur af



Mynd 24. Tóft [3504-025], mynd tekin til norðurs.

bæjarhólnum, stutt austan við veginn. Um er að ræða 13x8,3 m stóra tveggja rýma tóft sem liggur gróflega austur-vestur. Gengt er inn í vestara rýmið frá suðvesturhorni þess en enginn inngangur er greinilegur í austara rýmið. Vestara rýmið er litlu minna, um 2x2 m að innanmáli en það austara um 4,5x3,2 m að innanmáli. Veggir tóftarinnar eru um 0,2-0,6 m á hæð og um 0,6-2 m á breidd. Veggir eru nokkuð lægri og ógreinilegri norðvestan megin í tóftinni.

[3504-026] tóft – óþekkt

Minjarnar voru skráðar af FSÍ árið 2001 og aftur 2021 undir númerinu SP-250x:023 og mældar upp af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 undir númerinu 505 (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:45; Sigurður Bergsteinsson 2008; Orri Vésteinsson 2001:23). Í fyrri fornleifaskráningu segir:



Mynd 25. Tóft [3504-026], mynd tekin til suðurs.

„Tæpum 20 m austan við tóft 022

[3504-047] og um 20 m norðaustan við bæjarhól 001 [3504-048] er hólhrúgald fast við veginn frá Þeistareykjum til norðurs og liggur hann yfir það. Austan við veginn er tóft og hefur hann skemmt vesturhlið hennar. Hún er á sama hól og vegurinn og er þetta allt sami minjastaðurinn sem vegurinn liggur yfir. Í túni skammt frá bæjarhól - malarborinn vegur liggur yfir rústirnar. Tóftin sem er fast austan við veginn er ferköntuð, 6 x 6 m að utan, en ekki alveg hornrétt. Vegurinn er 4 m breiður og hrúgaldið vestan við 7x7 m að

stærð. Fast vestan við það er geil með djúpum en grónum hjólförum. Vestan við þau er þúfnarimi sem gæti tilheyrð þessum mannvirkjaleifum, sem þá hafa verið skemmdar af tveimur kynslóðum af bílvegum á Þeistareykjum.“ (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:45).

Við þetta má bæta að veggir tóftarinnar eru um 0,3-0,5 m á hæð og 1-2 m á breidd. Innra rými tóftarinnar er um 3,7x2,7 m á stærð og er inngangur til norðurs. Við skráningu nú var aðeins mæld upp tóftin sem liggur þétt vestan við veginn en ekki hrúgaldið austan við hann. Tóftin er syðst í röð þriggja tófta [3504-026, -027 & -028] sem liggja þétt saman í línu nokkurn veginn frá suðri til norðurs.

[3504-027] tóft – óþekkt

Minjarnar voru skráðar af FSÍ árið 2001 og aftur 2021 undir númerinu SP-250x:024 og mældar upp af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 undir númerinu 504 (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:45-46; Sigurður Bergsteinsson 2008; Orri Vésteinsson 2001:23). Minjarnar eru staðsettar þétt vestan við veginn um 40 m suðaustan við



Mynd 26. Tóft [3504-027], mynd tekin til suðvesturs.

bæjarhólinn og liggja í miðju röð þriggja tófta [3504-026, -027 & -028] sem liggja þétt saman í línu frá suðri til norðurs. Um er að ræða 12x7,5 m stóra tóft með leguna gróflega norður suður. Eitt rými er í tóftinni, 6,5x2,5 m stórt og virðist inngangur vera til vesturs en vesturvegg tóftarinnar hefur verið nokkuð raskað og inngangur því ógreinilegur. Veggir tóftarinnar eru um 0,2-0,3 m á hæð og um 1,5-2 m á breidd. Í fyrri fornleifaskráningum eru tóftir [3504-027 & -028] skráðar á saman númeri [SP-250x:024] en hér sem tvær tóftir.

[3504-028] tóft – óþekkt

Minjarnar voru skráðar af FSÍ árið 2001 og aftur 2021 undir númerinu SP-250x:024 og mældar upp af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 undir númerinu 504 (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:45-46; Sigurður Bergsteinsson 2008; Orri Vésteinsson 2001:23). Minjarnar eru staðsettar þétt vestan við veginn um 50 m suðaustan við



Mynd 27. Tóft [3504-028], mynd tekin til suðvesturs.

bæjarhólinn og liggja nyrst í röð þriggja tófta [3504-026, -027 & -028] sem liggja þétt saman í línu frá suðri til norðurs. Um er að ræða 12x7,5 m stóra tóft með tveimur litlum rýmum. Tóftin liggur norður-suður og er 1,3x2 m stórt rými norðan megin í henni með inngangi til norðurs og 1,5x1,7 m stórt rými sunnan megin í henni með inngangi til vesturs. Rýmið norðan megin er nokkuð ógreinilegra og með lægri vegg en rýmið sunnan megin sem greinilega mótar fyrir. Veggir tóftarinnar eru 0,2-0,5 m á hæð og 1-2 m á breidd. Í fyrri fornleifaskráningum eru tóftir [3504-027 & -028] skráðar á saman númeri [SP-250x:024] en hér sem tvær tóftir.

[3504-029] tóft – óþekkt

Minjarnar voru skráðar af FSÍ árið 2001 og aftur 2021 undir númerinu SP-250x:027 og mældar upp af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 undir númerinu 508 (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:47; Sigurður Bergsteinsson 2008; Orri Vésteinsson 2001:24). Í fyrri fornleifaskráningu segir:



Mynd 28. Tóft [3504-029], mynd tekin til suðvesturs.

„Tóft er um 15 m ANA við tóft 026

[3504-024] og 12 m ASA við tóft 025 [3504-025]. Hún er um 50 m austan við norðurhlið bæjarhólsins 001 [3504-048]. Tóftin er í túni. Tóftin er 15 x 7 m stór, aflöng og snýr VSV-ANA. Stærri hólfið er suðaustar [suðvestar] og er op á því sunnarlega á vesturgafli Í austurenda er smáhólf eða kró sem er 3,5 x 3 m að utanmáli. Gólf króarinnar er einnig

feti hærra. Ekki er vitað hvaða tilgangi tóftin gegndi en lag hennar gæti bent til þess að hún hafi verið kvíar eða stekkur.“ (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:47).

Við þetta má bæta að veggir tóftarinnar eru 0,2-0,4 m á hæð og 0,5-1,5 m á breidd. Stærra rýmið vestan megin er nokkuð ólögulegra en það austan megin.

[3504-030] tóft – óþekkt

Minjarnar voru skráðar af FSÍ árið 2001 og aftur 2021 undir númerunum SP-250x:028 og SP-250x:028_02 og mældar upp af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 undir númerinu 510 (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:48; Sigurður Bergsteinsson 2008; Orri Vésteinsson 2001:24). Minjarnar eru



Mynd 29. Tóft [3504-030], mynd tekin til austurs.

staðsettar um 65 m norðaustan við

bæjarhólinn í þéttari röð þriggja tófta [3504-029, -030 & -031] sem liggja í línu með leguna norðaustur-suðvestur. Tóftin er nokkuð minni en hinar tvær og liggur í miðri röðinni. Um er að ræða 5,5x5,5 m stóra tóft með einu rými, 2x1 m að innanmáli, og inngangi til norðvesturs. Tóftin er reisuleg en innra rými hennar virðist nokkuð samfallið. Veggir eru á bilinu 0,2-0,4 m á hæð og 0,6-1,2 m á breidd.

[3504-031] tóft – óþekkt

Minjarnar voru skráðar af FSÍ árið 2001 og aftur 2021 undir númerunum SP-250x:028 og SP-250x:028_01 og mældar upp af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 undir númerinu 510 (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:47; Sigurður Bergsteinsson 2008; Orri Vésteinsson 2001:24). Minjarnar eru staðsettar um 74 m norðaustan við



Mynd 30. Tóft [3504-031], mynd tekin til norðausturs.

bæjarhólinn, nyrst í þéttari röð þriggja tófta [3504-029, -030 & -031] sem liggja í línu með leguna

norðaustur-suðvestur. Um er að ræða 31x8 m stóra tóft með leguna norðaustur-suðvestur með þremur rýmum. Í suðvesturhluta tóftarinnar er 8,5x3,3 m stórt rými með inngangi til suðvesturs. Í miðri tóftinni er nokkuð minna rými eða dæld sem er 3,4x3,3 m að stærð og ekki er greinanleg tenging úr því í hin rýmin tvö. Í norðaustur hluta tóftarinnar er 8,7x3 m stórt rými með inngangi til norðvesturs og virðist vera að hluta til niðurgrafið. Veggir tóftarinnar eru nokkuð sokknir og flatir en veggghæð er á bilinu 0,2-0,6 m á hæð 2-3 m á breidd. Í fyrri skráningu á tóftinni er þess getið að grjóthrúga hafi sést utan við austurhorn miðrýmisins en ekki var greinilegt hvort grjótið væri í veggghleðslu (Orri Vésteinsson 2001:24). Ekki sást ummerki um grjótið við skráningu nú.

[3504-032] tóft – óþekkt

Minjarnar voru skráðar af FSÍ árið 2001 og aftur 2021 undir númerinu SP-250x:029 og mældar upp af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 undir númerinu 511 (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:48; Sigurður Bergsteinsson 2008; Orri Vésteinsson 2001:25). Í fyrri fornleifaskráningu segir:



Mynd 31. Tóft [3504-032], mynd tekin til suðvesturs.

„Tóft er rúmunum 20 m ASA af tóft

028 [3504-031] og um 100 m beint austur af bæjarhólnum 001 [3504-048]. Hún er sú austasta í túninu og ber hærra en hinar. Hún er um 200 m norður af núverandi sæluhúsi. Tóftin er í túni. Suðaustan við gengur þúfnarimi niður hlíðina og nær alveg að tóftinni. Tóftin skiptist í fjögur hól og er alls 18 x 13 m m stór. Stærsta hólfið er 11 x 3 m að innan og snýr norðaustur-suðvestur. Við suðurhorn hennar er 4 x 4 m hól og vex lyng á þeim hluta og gæti hann því verið eldri. Við norðurhorn stóra hólfsins er 3 x 3 m hól og innangengt á milli. Við suðvesturenda stóra hólfsins er svo síðasta og minnsta hólfið, 3 x 1 m. Syðsti hluti tóftarinnar er allur mjög sprunginn í þúfur.“ (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:47).

Við fornleifaskráningu nú sást ekki móta fyrir litlu hólfunum tveimur í suðurhluta tóftarinnar en sá hluti er mjög þýfður. Veggir tóftarinnar eru um 0,1-0,4 m á hæð og 1-2,5 m á breidd.

[3504-033] tóft – óþekkt

Minjarnar voru skráðar af FSÍ árið 2001 og aftur 2021 undir númerinu SP-250x:029 og mældar upp af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 undir númerinu 512 (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:49; Sigurður Bergsteinsson 2008; Orri Vésteinsson 2001:25). Í fyrri fornleifaskráningu segir:

„Tóft er um 55 m NNV af tóft 028

[3504-033] og 73 m austur af veginum norður frá Þeistareykjum. Hún er um 140 m NNA við bæjarhólinn 001 [3504-048]. Tóftin á sléttu harðbalatúni. Tóftin er 5 x 4 m stór og er einföld og ferhyrnd. Hún snýr suðvestur-norðaustur með dyr á suðvesturhlið. Veggir eru brattir að utan þó þeir séu hvergi meir en 0,7 m háir. Fast austan við eru hvompur sem gætu verið dauðir hverir.“ (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:49).

Við þetta má bæta að veggir tóftarinnar eru á bilinu 0,3-0,5 m á hæð og um 0,6-1,2 m á breidd og innra rými hennar um 2x2 m að stærð.

[3504-034] tóft – óþekkt

Minjarnar voru skráðar af FSÍ árið 2001 og aftur 2021 undir númerinu SP-250x:031 og mældar upp af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 undir númerinu 513 (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:49; Sigurður Bergsteinsson 2008; Orri Vésteinsson 2001:25). Minjarnar eru staðsettar um 25

m austan við veginn, 140 m norðan við

bæjarhólinn. Um er að ræða 8,1x4,4 m stóra tóft með leguna norðaustur-suðvestur. Eitt rými er inn í tóftinni, 5x1,5 að stærð og virðist móta fyrir inngangi á norðurhorni tóftarinnar. Tóftin er nokkuð lágreist og er austurhlið hennar nokkuð ógreinileg, veggir standa um 0,2-0,3 m háir og 0,6-1,2 m breiðir. Samhliða tóftinni norðvestan megin er sléttur reitur eða lág dæld [3504-035. Í



Mynd 32. Tóft [3504-033], mynd tekin til norðurs.



Mynd 33. Tóft [3504-034], mynd tekin til suðvesturs.

fyrri skráningu segir að óljóst móti fyrir inngangi á suðvesturgafli (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:49).

[3504-035] dæld – óþekkt

Minjarnar voru skráðar af FSÍ árið 2021 undir númerinu SP-250x:031, sama númeri og tóft [3504-34] en dældinni var ekki gerð sérstök skil. Fornleifavernd ríkisins mældi upp dældina með tóft [3504-35] árið 2008 undir númerinu 514 (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri

Vésteinsson 2021:49; Sigurður

Bergsteinsson 2008). Minjarnar eru

staðsettar um 25 m austan við veginn, 140 m norðan við bæjarhólinn og þétt norðvestan við tóft [3504-034]. Um er að ræða 6,7x1,9 m stóra slétta dæld, um 0,1 m á dýpt sem liggur samhliða tóft [3504-034]. Hlutverk minjanna er ekki ljóst en tengist greinilega byggingu eða notkun tóftarinnar við hliðina.

[3504-036] tóft – óþekkt

Minjarnar voru skráðar af FSÍ árið 2001 og aftur 2021 undir númerunum SP-250x:016 og 250x:016_01. (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:38; Orri Vésteinsson 2001:20).

Minjarnar eru staðsettar norðarlega í heimatúninu um 150 m norðnorðvestan við bæjarhólinn um 60 m vestan við veginn. Um er að ræða lágreista

ferhyrnda 4x4 stóra tóft með einu rými sem er 1,2x1,5 m að stærð og inngangi til suðurs. Veggir tóftarinnar eru um 0,2-0,3 m á hæð og 0,5-0,8 m á breidd.



Mynd 34. Dæld [3504-035] þétt hægra megin við tóft [3504-034]. Mynd tekin til suðvesturs.



Mynd 35. Tóft [3504-036], mynd tekin til vesturs.

[3504-037] tóft – óþekkt

Minjarnar voru skráðar af FSÍ árið 2001 og aftur 2021 undir númerunum SP-250x:015 og SP-250x:015_01 og mældar upp af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 undir númerinu 538 (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:37; Sigurður Bergsteinsson 2008; Orri Vésteinsson 2001:20). Í fyrri fornleifaskráningu segir:

„Einföld tóft 015_01 er um 3 m vestan við austurhlið garðlags 014 [3504-63]. Hún er um 170 m NNV við bæ 001 [3504-48]. Óljós dæld 015_02 [3504-59] er um 20 m vestan hennar og eru þær báðar skráðar undir þessu númeri. Tóftin er í túnjaðri. Á snöggrónum harðbala en vestan og norðan við er þurr mýri. Tóftin er einföld og aflöng og er 9 x 6 m stór. Hún snýr austur-vestur og hefur dyr sunnantil á vesturgafli. Veggir eru 1,5 m breiðir og um 0,7 m háir og eru þeir algróin og sér hvergi í grjót. Mögulegt er að garðlagið 014 [3504-63] hverfist um tóftina - jafnvel þannig að það hafi myndað fjórða gerðið í vesturhlið túnsins og hefur tóftin þá verið norðaustast í því gerði.“ (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:37).



Mynd 36. Tóft [3504-037], mynd tekin til austurs.

[3504-038] garðlag – óþekkt

Minjarnar voru skráðar af FSÍ árið 2001 og aftur 2021 undir númerunum SP-250x:013 og SP-250x:011_01 og mældar upp af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 undir númerinu 526 (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:36; Sigurður Bergsteinsson 2008; Orri Vésteinsson 2001:19). Við fornleifaskráninguna nú var tvíhólfa

gerði, sem skráð var undir tveimur númerum af FSÍ (250x:013 og SP-250x:011_01), sameinað í eitt númer. Um er að ræða 108 m langt og mest 30 m breitt tvíhólfa gerði í vestasta túni, um 86



Mynd 37. Garðlag [3504-038], mynd tekin til suðvesturs.

m vestan við bæjarhólinn. Gerðið er aflangt og liggur norður-suður og þverveggur skiptir því í tvö svipuð stór hólfi þar sem það þrengist í miðjunni. Gerðið afmarkast af garðlagi sem er á bilinu 0,1-0,5 m á hæð og 1-2 m á breidd; garðlagið er nokkuð sokknara og ógreinilegra við norðurendann og fjarar út alveg nyrst; greinilegt var að uppblástur og kindastígar höfðu á stöku stað raskað garðlaginu. Í fornleifaskráningu FSÍ frá 2021 sýnir teikning að garðlagið liggur alveg saman nyrst og lokar því til norðurs; við fornleifaskráninguna nú sáust ekki útlínur garðlagsins og er það sokkið þar í þúfur. Hólfið norðan megin er 48 m á lengd og mest um 23 m á breidd; stutt norðan við miðjan austurhlið norðurhólfsins gengur garðlagsbútur um 5 m til norðvesturs inn í hólfið. Suðurhólfið er um 50 m á lengd og mest um 24 m á breidd. Þrjár tóftir eru í og við hólfið, heytóft [3504-040] liggur inn í miðju hólfinu, tóft [3504-039] liggur fast utan við vesturhlið hólfsins og við suðurendann liggur tóft [3504-062] á milli hólfsins og garðlags [3504-009 & -044].

[3504-039] tóft – óþekkt

Minjarnar voru skráðar af FSÍ árið 2001 og aftur 2021 undir númerunum SÞ-250x:011 og SÞ-250x:011_03 og mældar upp af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 undir númerinu 527 (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:34; Sigurður Bergsteinsson 2008; Orri Vésteinsson 2001:18). Minjarnar eru staðsettar á vesturhlið suðurhólfs garðlags



Mynd 38. Tóft [3504-039], mynd tekin til asturs.

[3504-038] og þjónar garðlagið sem austurveggur tóftarinnar. Um er að ræða 9x6 m stóra tóft með tveimur ótengdum rýmum, norðan og sunnan megin, bæði með inngang til vesturs. Norðurrýmið er 3x2 m að innanmáli og það syðra 1,7x3 m, veggir standa um 0,2-0,5 m háir og 0,8-1,8 m breiðir og eru veggirnir reisulegri í norðurhluta tóftarinnar. Kengur kemur á túngarðinn norðan við tóftina og virðist norðurhlið tóftarinnar og túngarðurinn mynda 9x9 m stórt opið hólf norðan við tóftina. Í fornleifaskráningu FSÍ frá 2021 sýnir teikning garðlagsbút ganga frá norðurvegg tóftarinnar í boga að garðlaginu og afmarka þannig hólf norðan við tóftina. Ekki sáust skýr ummerki um garðlagsbút þennan á vettvangi.

[3504-040] tóft – heygeymsla

Minjarnar voru skráðar af FSÍ árið 2001 og aftur 2021 undir númerunum SP-250x:011 og SP-250x:011_02 og mældar upp af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 undir númerinu 529 (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:34; Sigurður Bergsteinsson 2008; Orri Vésteinsson 2001:18). Tóftin er staðsett inn í miðju suðurhólfi garðlags



Mynd 39. Heytóft [3504-040], mynd tekin til suðurs.

[3504-038]. Tóftin er aflöng, um 10,8x4,8 m og liggur norður-suður. Enginn inngangur er greinilegur á tóftinni og standa veggir hennar um 0,2-0,4 m á hæð og um 0,4-0,7 m á breidd. Í skráningu Fornleifaverndar ríkisins er tóftin skráð sem heytóft og verður það að teljast líklegt (Sigurður Bergsteinsson 2008:12).

[3504-041] tóft – óþekkt

Minjarnar voru skráðar af FSÍ árið 2001 og aftur 2021 undir númerunum SP-250x:017 og SP-250x:017_01 og mældar upp af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 undir númerinu 528 (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:39; Sigurður Bergsteinsson 2008; Orri Vésteinsson 2001:20). Tóftin er staðsett um 5 m austan við austurhlið



Mynd 40. Tóft [3504-041], mynd tekin til suðurs.

garðlags [3504-038], stutt sunnan við miðju. Í fyrri fornleifaskráningu segir um minjarnar:

„Tóft 107_01 er lítil, einföld og snýr norður-suður og er heldur á skjön við gerðið 011 [3504-044] en hefur svipaða stefnu og tóftin inni í því. Hún er 6 x 3,5 m að stærð. Dyr eru ekki greinilegar. Tóftin er byggð ofan á hrygg eða rana 015_02 [réttara væri 017_02, skráð hér 3504-042] sem liggur í boga frá bæjarhólnum, fyrst til vesturs en sveigir svo til norðurs meðfram gerðinu 011 [3504-038]. Annar slíkur rani er milli þessa og gerðisins 008 [3504-044] og liggur sá beint til vesturs frá bæjarhólnum, Mögulegt er að þetta séu

garðar en þeir gætu einnig verið náttúrumyndanir. Skarð er í ranann kringum tóftina eins og efni úr honum hafi verið notað í hana.“ (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:39).

Tóftin hefur nokkuð mjóa og lága vegg, um 0,2-0,3 m á hæð og 0,6-1 m á breidd sem líkist heytóft [3504-041] og ekki er útilokað að um aðra heytóft sé að ræða.

[3504-042] garðlag – óþekkt

Minjarnar voru skráðar af FSÍ árið 2001 og aftur 2021 undir númerunum SÞ-250x:017 og SÞ-250x:017_02 og mældar upp af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 undir númerinu 531 (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:39; Sigurður Bergsteinsson 2008; Orri Vésteinsson 2001:20). Minjarnar eru staðsettar um 40 m vestan við



Mynd 41. Garðlag [3504-042], mynd tekin til suðausturs.

bæjarhólinn, austan við suðurhluta garðlags [3504-038] og norðan við garðlög [3504-043 & -044]. Um er að ræða nokkuð svert garðlag sem liggur í boga á um 60 m löngum kafla að tóft [3504-41]. Garðlagið er nokkuð sokkið og flatt en það er um 0,1-0,3 m á hæð og 1,5-3 m á breidd, nokkuð lægra og breiðara nyrst. Um 10 m frá austurenda garðlagsins tengist annað minna garðlag [3504-043] við minjarnar sem gengur til suðurs í þvergarði og tveir angar liggja úr til vesturs samhliða garðlagi [3504-042].

[3504-043] garðlag – óþekkt

Minjarnar voru skráðar af FSÍ árið 2001 og aftur 2021 undir númerunum SÞ-250x:017 og SÞ-250x:017_02 og mældar upp af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 undir númerinu 531 (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:40; Sigurður Bergsteinsson 2008; Orri Vésteinsson 2001:20). Minjarnar eru



Mynd 42. Garðlag [3504-043], mynd tekin til norðvesturs.

staðsettar um 50 m vestan við bæjarhólinn og liggja á milli garðlaga [3504-042 & -044]. Um er að ræða 8 m langan garðlagsbút sem gengur út úr garðlagi [3504-042] til suðurs þvert á stefnu garðlagsins, út frá garðlagsbútnum ganga tveir mislangir garðar til vesturs úr miðju og enda garðlagsbútsins og liggja samhliða garðlagi [354-042]. Frá miðjum þvergarðinum liggur 35 m langur garður til vesturs með lítilli sveigju til norðurs og frá enda þvergarðarins gengur 15 m langur garður til vesturs. Garðlagið er nokkuð minna um sig og ógreinilegra en garðlag [3504-042] og er það á bilinu 0,1-0,3 m á hæð og 0,7-1,5 m á breidd. Ekki er fyllilega ljóst hvaða hlutverki garðlagið hefur þjónað, ef til vill er um að ræða leifar eldri garðlaga en þeirra sem greinilegi eru á svæðinu nú og eins gæti hluti garðanna verið náttúrumyndanir.

[3504-044] garðlag – óþekkt

Minjarnar voru skráðar af FSÍ árið 2001 og aftur 2021 undir númerunum Sþ-250x:008 og Sþ-250x:008_01 og mældar upp af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 undir númerinu 522 (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:29; Sigurður Bergsteinsson 2008; Orri Vésteinsson 2001:17). Minjarnar eru



Mynd 43. Garðlag [3504-044], mynd tekin til vesturs.

staðsettar um 40 m vestan við

bæjarhólinn og garðlagið myndar ásamt garðlögum [3505-009 & -011] 60x35 m stórt gerði í suðvestur horni túnsins. Í suðvestur- og norðvesturhorni gerðisins eru tvær tóftir [3504-008 & 062] sambyggðar garðlögum sem afmarka gerðið, innan þess liggur einnig garðlag [3504-010] stutt innan við suðurhlið þess og dæld [3504-045] þétt innan við suðausturhorn þess. Garðlagið afmarkar norðurhlið gerðisins, liggur á um 60 m löngum kafla í vinkli frá austri til vesturs og er 0,1-0,3 m á hæð og 1,5-2,5 m breidd. Þétt við vesturenda garðlagsins stendur tóft [3504-062].

[3504-045] þúst – óþekkt

Minjarnar voru skráðar af FSÍ árið 2001 og aftur 2021 undir númerunum SP-250x:008 og SP-250x:008_05 og mældar upp af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 undir númerunum 532 og 533 (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:30; Sigurður Bergsteinsson 2008; Orri Vésteinsson 2001:17). Minjarnar eru staðsettar þétt norðan við austurenda

garðlags [3504-011] innan þess gerðis sem garðlagið afmarkar. Um er að ræða 5,5x3,6 m stóra nokkuð lögulega þúst sem stendur 0,1-0,2 m upp úr svæðinu í kring; slétt svæði liggur þétt sunnan við þústina á milli hennar og garðlagsins [3504-011]. Við skráningu Fornleifaverndar ríkisins var þústin mæld upp í tveimur mælingum og hefur þá verið mælt upp slétta svæðið þétt sunnan við þústina var það ekki gert nú.



Mynd 44. Þúst [3504-045], mynd tekin til vesturs.

[3504-046] tóft – óþekkt

Minjarnar voru skráðar af FSÍ árið 2021 undir númerinu SP-250x:092 upp af loftmyndum og voru ekki skráðar við vettvangskonun árin 2001 og 2008 (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:29). Minjarnar eru staðsettar um 14 m vestan við bæjarhólinn, mitt á milli hans og garðlags [3504-042]. Um er að ræða 15x10 m stóra og nokkuð



Mynd 45. Tóft [3504-046], mynd tekin til norðurs.

ógreinilega tóft með leguna norður-suður. Tóftin er með einu hólfi um 9x5 m að stærð og er suðurveggur hennar nálægt því tvöfalt lengri en norðurveggurinn; skarð er á miðjum austurvegg tóftarinnar og hefur þar trúlega verið gengt inn í hana. Útlínur tóftarinnar eru töluvert skýrari í norðurhluta hennar en suðurveggur hennar hverfur að mestu í þýfi sem er þar sunnan við tóftina. Veggir tóftarinnar eru á bilinu 0,1-0,4 m á hæð og 1-3 m á breidd.

[3504-047] tóft – óþekkt

Minjarnar voru skráðar af FSÍ árið 2001 og aftur 2021 undir númerinu SP-250x:022 og mældar upp af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 undir númerinu 501 (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:44; Sigurður Bergsteinsson 2008; Orri Vésteinsson 2001:23). Í fyrri fornleifaskráningu segir um minjarnar:

„Um 5 m norðan við bæjarhól 001 [3504-048], milli hans og brunnsins 020 [3504-055], er allstór rústahóll með tvískiptri tóft á. Hún er í túni, við bæjarhól, á samfelldu rústasvæði. Brunnur er skammt norðvestan við. Hóllinn er 17 x 13 m að utanmáli, heldur lengri frá norðri til suðurs. Á honum eru tvær reglulegar dældir. Sú syðri snýr norður-suður og er 5 x 2 m að innanmáli. Hin snýr hornrétt á hana að norðan og er 7 x 2 m að innan. Norðan við vesturendann á henni er dæld sem gæti verið lítil tóft eða leifar af eldri byggingu en þær eru greinilega undir því veggir eru allt að 5 m breiðir.“ (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:44)

Við þetta má bæta að vegghæð tóftarinnar er um 0,2-0,4 m.

[3504-048] bæjarhóll – bæjarstæði

Minjarnar voru skráðar af FSÍ árið 2001 og aftur 2021 undir númerinu SP-250x:001 og SP-250x:001_01, _02, _03 & _04 og mældar upp af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 undir númerunum 497-500 (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:23-25; Sigurður Bergsteinsson 2008; Orri Vésteinsson 2001:14-15). Saga bæjarhólsins er nokkuð ítarlega rekin í fyrri skráningum, þar segir:




Mynd 46. Tóft [3504-047], mynd tekin til norðurs.



Mynd 47. Bæjarhóll [3504-048], mynd tekin til suðurs.

„Bærinn stóð röska 10 km suður frá Sæluhúsmúla á Reykjaheiði, og nálægt fimm km austur frá Lambafjöllum, norðvestan undir felli einu lágu, sem nefnist Bæjarfjall," segir í Lýsingu Þingeyjarsýslu. Þeistareykjatúnið er norðvestan undir Bæjarfjalli og bæjarhóllinn í því miðju fast við vegarslóðina. "Á Þeistareykjum markar fyrir talsverðum bæjarrústum, og líklega hefur bærinn alltaf verið á sama stað, þar sem eldri kofinn er nú. Rústir þessar eru algerlega yfirgrónar. Aldrei munu þær hafa verið rannsakað[ar], og ekki er mér kunnugt um, að þar hafi fundizt neinar fornminjar," segir í bókinni Ódádahraun III. Mannvirkjum á bæjarhólnum er víða lýst og verður hér getið nokkurra heimilda sem fjalla um þau. 1775 voru Þeistareykir í eyði, en nokkur af bæjarhúsum var enn uppistandandi og notað sem hlöður af bóndanum á Laxamýri sem slær túnið samkvæmt OO Oeconomisk Reise. "1876 lét C.G.W. Lock gera skála í sambandi við brennisteinsnám á Þeistareykjum" segir í bókinni Ódádahraun III. "Er Kristján man fyrst eftir, var í gamla bæjarstæðinu stór skáli, sem Englendingar byggðu, er þeir unnu brennistein á Þeistareykjum. Þessi skáli var notaður um áratugi eftir það sem gangnamannaskýli," segir í örnefnaskrá og svipaða frásögn er að finna í Árbók Þingeyinga: "Komu þeir að Þeistareykjum að kveldi [líkl um 1900] og gistu þar um nóttina í gangnamannakofa sem var allstórt hús, frá þeim tíma er unninn var brennisteinn til útflutnings á Þeistareykjum." Saga höfð eftir Þórhalli Kristjánssyni á Breiðumýri um menn sem vöktu yfir fjársafni á Þeistareykjum og fundu ekki kofann - Gráskinna IV, 90. Í Grímu er að finna sögu um Kristján Halldórsson smið á Húsavík sem fór að vitja hesta á Þeistareykjum. "Kristján bjóst um í kofa, er þar var. Hann var lítið meira en manngengur, farið inn um lítið gat á þekju, og var það byrgt með hellu, er inn var komið. Í þriðja bindi Ódádahrauns segir: "... langt mun nú síðan kofi með þeim ummerkjum, er sagan greinir, hefur verið á Þeistareykjum." Bæjarhóllinn er fast norðan við Þeistareykjaveg þar sem hann beygir til norðurs, á móts við þar sem slóð liggur af honum til suðausturs upp að núverandi sæluhúsi. Hóllinn er rúmlega 200 m NNV af sæluhúsinu. ... Bæjarhóllinn er á sléttum valllendisgrundum og liggur malarborinn vegur fast norðan við hann. Skammt ofan við byrjar landið að hækka upp að Bæjarfjalli og liggja grasgeirar hátt upp í fjallið, sundurskornir af hveragiljum. Vegurinn liggur fast við hólrsræturnar að sunnan og asutan og gæti hafa skemmt hann." (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:23-25).



Kort 3. Bæjarhóll Þeistareykja [3504-048].

Bæjarhóllinn er um 32x30 m að stærð og rís hátt í 3 m upp úr gamla túninu. Í bæjarhólnum má sjá móta fyrir útlinum að minnsta kosti sex tófta eða rýma, tvö ótengd suðvestan megin, þrjú samtengd austan og suðaustan í hólnum og eitt við norðausturhorn hans.

Í suðvesturhorni hólans er vel greinileg ferhyrningslaga hleðsla sem afmarkar 5x7 m stórt svæði, hleðslan er um 0,1-0,3 m á hæð og 0,5-1,2 m á breidd. Í fyrri skráningu hefur hleðsla þessi númerið SP-250x:001_04 og minjarnar taldar vera matjurtagarður eða skepnuaðhald tengt gangnamannakofa sem stóð á hólnum (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:25).

Þétt norðan við meinta matjurtagarðinn/aðhaldið vestan megin í miðjum hólnum er ferhyrnd tóft, 7,5x5 m að stærð, sem virðist vera opin til norðurs. Útlínur tóftarinnar voru illgreinanlegar en greina mátti grjót í hleðslu. Í fyrri skráningu hefur tóft þessi númerið SP-250x:001_02 og er þar lýst sem grjótdreif sem mögulega gæti verið leifar gangnamannakofa sem á hólnum stóð (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:24).

Austan megin í hólnum liggja þrjú rými í röð frá suðri til norðurs. Syðsta rýmið í röðinni hefur ekki verið skráð í fyrri skráningum og er það nokkuð sokkið og illgreinanlegt. Rýmið er 5,3x3,2

m að innanmáli og virðist móta fyrir inngangi á vesturhlið þess. Næst norðan við það er aflangt rými um 7,5x3,5 m að innanmáli, nokkuð breitt op er á vesturvegg rýmisins og mögulega hefur þar verið inngangur. Í fyrri skráningu hefur rýmið númerið SP-250x:001_03 og þar er þess getið að grjót sé í veggjum en ekkert grjót sást við vettvangskönnun nú, gæti þetta rými mögulega verið leifar skála Englendinga sem var reistur 1876 (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:24). Þétt norðan við meinta skálann er minna rými, um 2x2,5 m að stærð með inngangi til austurs. Um 1,5x2 m stór dæld er í hólnum þar norðan við.

[3504-049] tóft – fjárhús

Minjarnar voru skráðar af FSÍ árið 2001 og aftur 2021 undir númerinu SP-250x:038 og mældar upp af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 undir númerinu 517 (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:53; Sigurður Bergsteinsson 2008; Orri Vésteinsson 2001:27). Í fyrri fornleifaskráningu segir um tóftina:



Mynd 48. Fjárhústóft [3504-049], mynd tekin til austurs.

„Fjárhústóft er tæpum 40 m suðvestan við gatnamótin þar sem slóðin heim að sæluhúsinu á Þeistareykjum greinist frá aðalveginum er tóft. Hún er á vesturbarmi grófarinnar sem liggur frá hverasvæðinu vestan við sæluhúsið, um 42 m austur af tóft 039 [3504-050] og um 55 m suðvestur af bæjarhól 001 [3504-048]. Tóftin er í túni, neðst í aflíðandi brekku sem er sundurskorin af hveragrófum. Tóftin er 12 x 10 m að stærð og snýr VNV-ASA. Vestar eru fjárhús en að austan hlaða eða heystæði og snýr það þvert á. Grjót sést í veggjum sem standa í um 1,3 m hæð. Greina má garða eftir miðju húsinu en hvergi sjást merki um dyr. Veggir eru allt að 2 m breiðir. Þetta hús og 039 [3504-050] eru greinilega yngstu útihúsin í Þeistareykjatóni og er sennilegt að þau séu frá því að búið var þar á árunum 1868-73.“ (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:53)

Við skráningu nú sást ekki móta fyrir garða í tóftinni og eins voru útlínur hlöðu/heystæðis ekki vel greinilegar en tóftin er nokkuð hlaupin í þúfur þar austan megin.

[3504-050] tóft – hesthús

Minjarnar voru skráðar af FSÍ árið 2001 og aftur 2021 undir númerinu SP-250x:039 og mældar upp af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 undir númerinu 518 (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:53; Sigurður Bergsteinsson 2008; Orri Vésteinsson 2001:27). Í fyrri fornleifaskráningu segir um tóftina:



Mynd 49. Hesthústóft [3504-050], mynd tekin til norðvesturs.

„Tóft er rúmum 40 m vestan við tóft 038 [3504-049] og 25 m sunnan við veginn að Þeistareykjum. Hún er á barmi grófar sem liggur til norðvesturs frá hverasvæðinu ofan við sæluhúsin. Tóftin er um 85 m SSV við bæjarhól Þeistareykja. Í túni, neðst í brekku og á brún hveragrófar. Tóftin er 8 x 8 m stór og snýr norður-suður. Hún er tvískipt og op er norðaustast á norðvesturvegg, Tóftin er grjóthlaðin en að mestu er gróið yfir hleðslurnar. Veggir eru um 1,5 m breiðir. Þetta hús og 038 [3504-049] eru greinilega yngstu útihúsin í Þeistareykjatúni og er sennilegt að þau séu frá því að búið var þar á árunum 1868-73.“ (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:53)

Veggir tóftarinnar standa 0,2-0,4 m á hæð og enn má greina grjót í hleðslu veggja.

[3504-051] tóft – óþekkt

Minjarnar voru skráðar af FSÍ árið 2001 og aftur 2021 undir númerinu SP-250x:037 (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:52; Orri Vésteinsson 2001:27). Í fyrri fornleifaskráningu segir um tóftina:



Mynd 50. Tóft [3504-051], mynd tekin til norðvesturs.

„Um 70 m ofan við núverandi sæluhús á Þeistareykjum er tóft. Hún er í skarði í grónum hrygg sem liggur niður hlíðina á átt að sæluhúsinu. Tóftin er um 280 m suðaustan við bæjarhól Þeistareykja 001 [3504-048]. Tóftin er efst á valllendisgrundum ofan við tún

Þeistareykja. Hveragil er um 100 m vestan við og einnig eru hverasvæði skammt ofan við. Á þessum stað er einföld tóft, 4 x 3 m að stærð. Hún snýr þvert á brekkuna eða austur-vestur. Dyr eru ekki sýnilegar og veggir eru beinir og reglulegir.“ (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:52)

Tóftin er nokkuð sokkin og illgreinileg.

[3504-052] þúst – óþekkt

Minjarnar voru skráðar af FSÍ árið 2001 og aftur 2021 undir númerunum SP-250x:032 og 250x:032_02 (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:50; Orri Vésteinsson 2001:25).

Þústin liggur þétt sunnan við veginn, um 13 m sunnan við bæjarhólinn. Um er að ræða 11x5,5 m stóra þúst. Lítið lag er greinanlegt á minjunum en í

fornleifaskráningu FSÍ frá 2001 er teiknuð inn dæld í miðri þústinni (Orri Vésteinsson 2001:25) sem ekki var vel greinanleg við vettvangskonun nú. Líkur eru á því að minjarnar hafi eitthvað raskast vegna vegarins sem sker norðurhlið þústarinnar.



Mynd 51. Þúst [3504-052], mynd tekin til austurs.

[3504-053] tóft – óþekkt

Minjarnar voru skráðar af FSÍ árið 2001 og aftur 2021 undir númerunum SP-250x:032 og 250x:032_01 (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:50; Orri Vésteinsson 2001:25).

Minjarnar eru staðsettar um 22 m sunnan við bæjarhólinn, 6 m sunnan við þar sem vegurinn kvíslast. Um er að ræða 5x4 m stóra tóft með einu rými, tóftin liggur

norðaustur-suðvestur og er með inngang á suðvesturgafli. Innra rými tóftarinnar er 2,5x1,3 m að stærð og veggir 0,2-0,4 m á hæð og 0,5-0,8 m á breidd.



Mynd 52. Tóft [3504-053], mynd tekin til austurs.

[3504-054] tóft – óþekkt

Minjarnar voru skráðar af FSÍ árið 2001 og aftur 2021 undir númerinu SP-250x:006 (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:28; Orri Vésteinsson 2001:16). Í fyrri fornleifaskráningu segir um minjarnar:

„Um 20 m VSV af bæjarhólnum á Þeistareykjum 001 [3504-048] er tóft, fast norðan við

Þeistareykjaveg og nemur suðvesturgafi hennar við vegbrúnina. Tóftin er á sléttri valllendisgrund í gömlu t túni. Hún er fast við malarborna vegarslóð og 10 m sunnan við gróf með hveravatni. Tóftin er einföld og aflöng og er gróflega 13 x 8 m að stærð. Veggir hennar eru mjög breiðir og sokknir og er tóftin aðeins 7 x 1,5 m að innanmáli. Dyr virðast hafa verið austantil á suðurlanghlið. Tóftin snýr suðvestur-norðaustur.

Vegarslóðin gæti hafa skemmt blásuðvesturendann á tóftinni.“ (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:28).

Við vettvangsskoðun nú sást ekki móta fyrir inngangi á tóftinni, eins var suðvesturgafi hennar ógreinilegur sökum vegarins. Veggir tóftarinnar eru um 0,2-0,4 m á hæð og um 1-2,5 m á breidd.

[3504-055] hleðsla – brunnur

Minjarnar voru skráðar af FSÍ árið 2001 og aftur 2021 undir númerinu SP-250x:020 og mældar upp af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 undir númerinu 502 (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:42-43; Sigurður Bergsteinsson 2008; Orri Vésteinsson 2001:21). Í fyrri fornleifaskráningu segir um minjarnar:

„Nú eru þar [á Þeistareykjum] engin mannvirki utan brunnur, sem var og er enn í varpanum, hlaðinn innan með hraungrjóti, annars allt jafnað við jörðu.“ segir í



Mynd 53. Tóft [3504-054], mynd tekin til norðausturs.



Mynd 54. Brunnur [3504-055], mynd tekin til suðausturs.

örnefnalýsingu. "... Skammt frá [eldra sæluhúsinu] er brunnurinn, en í honum er vatnið um 30 C heitt og ekki laust við brennisteinskeim," segir í bókinni Ódáðahraun. Brunnurinn er tæplega 30 m NNV af bæjarhólnum og er tóft 022 [3504-047] á milli. Brunnurinn er í dæld neðan undir bæjarhól - í túni sem á þessum stað er dældótt með dýjahvompum og hraukum á milli. Óljóst er hvað af því er manngert og hvað náttúrulegt. Dý eru ofan við brunninn að austan. Brunnurinn er sporöskjulaga, tæplega 1 m frá norðvestri til suðausturs og um 0,6 m frá suðvestri til norðausturs. Hann er grafinn inn í brekku að sunnan. Hann er grjóthlaðinn að innan en torfi hefur verið hlaðið ofan á og í kring. Á VNV hlið hefur hleðslan verið rofin og þar er dý framan við þar sem skepnur hafa sótt í brunninn. Þar er grjótbreið framan við en spýtnabrák er einnig til hliðar sem gætu verið leifar af hlemmi. Lítilsháttar varmi er í vatninu, sem er á að gíska 15-20° heitt." (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:42-43)

Enn sést vel móta fyrir brunninum.

[3504-056] þúst – óþekkt

Minjarnar voru skráðar af FSÍ árið 2021 undir númerinu SP-250x:114_01 af loftmynd (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:93). Míkjarnar eru staðsettar 39 m norðvestan við bæjarhólinn og um 8 m norðan við brunn [3504-055]. Um er að ræða 15x10 m stóra ferhyrnda þúst með leguna norður-suður. Míkjarnar minna helst á aðhald eða gerði sem afmarkast af nokkuð sokknum veggjum, 0,1-0,3 m á hæð og 0,7-1,5 m á breidd. Inngangur inn í gerðið virðist vera nyrst á austurvegg þess. Önnur hringlaga þúst [3504-057] er rétt rúmum 3 m vestan við míkjarnar.



Mynd 55. Þúst [3504-056], mynd tekin til norðvesturs.

[3504-057] þúst – óþekkt

Minjarnar voru skráðar af FSÍ árið 2021 undir númerinu SP-250x:114_02 af loftmynd (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:93). Minjarnar eru staðsettar um 46 m norðvestan við bæjarhólinn og um 19 m norðvestan við brunn [3504-55]. Um er að ræða 10x9 m stóra hringlaga þúst sem minnir helst á aðhald eða gerði sem afmarkar 6x5 m stórt svæði. Veggir eru nokkuð sokknir og misþykkir en þeir eru 0,1-0,3 m á hæð og 0,8-1,5 m á breidd. Inngangur virðist vera á norðvesturhorni þústarinnar. Rúmum 3 m austan við minjarnar er önnur ferhyrnd þúst [3504-056].



Mynd 56. Þúst [3504-056], mynd tekin til norðvesturs.

[3504-058] tóft – óþekkt

Minjarnar voru skráðar af FSÍ árið 2001 og aftur 2021 undir númerunum SP-250x:010 og SP-250x:010_2 (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:32; Orri Vésteinsson 2001:18). Minjarnar eru staðsettar stutt utan heimatúnsins, um 150 m austan bæjarhólsins og um 6 m sunnan við tóft [3504-002]. Um er að ræða 7,5x5,5 m



Mynd 57. Tóft [3504-058], mynd tekin til norðurs.

stóra sporöskjulaga tóft með leguna norðaustur-suðvestur. Tóftin er nokkuð sokkin og illgreinanleg en það má sjá móta fyrir tveimur litlum rýmum. Suðvestan megin í tóftinni er 1,5x1,3 m stórt rými sem virðist vera gengt í frá suðvesturhorni tóftarinnar, norðaustan megin er 1,2x1,3 m stórt rými sem opið er til norðausturs. Ekki er ljóst hvaða hlutverki minjarnar þjónuðu en þær eru greinilega nokkuð eldri en tóft [3504-002] sem stendur þarna stutt norðan við.

[3504-059] dæld – óþekkt

Minjarnar voru skráðar af FSÍ árið 2001 og aftur 2021 undir númerunum SP-250x:016 og SP-250x:016_2 (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:38; Orri Vésteinsson 2001:20). Í fyrri fornleifaskráningu segir um minjarnar:

„Um 20 m vestan við tóft 015_01 er regluleg dæld þar sem

mögulegt er að tóft hafi verið. Dældin er 9 x 6 m stót og er regluleg. Hún er í mýrinni og mjög sokkin. Mishæð við norðausturhorn hennar sem gæti verið leifar af vegg. Það gæti verið tóft sem sokkið hefur í mýrina.“ (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:38.



Mynd 58. Dæld [3504-059], mynd tekin til norðurs.

Minjarnar minna helst á litla tjörn þarna í mýrinni og bakkar hennar hlaðist lítillega upp, aðallega austan megin. Útlit minjanna er nokkuð reglulegt og ekki er óhugsandi að um mannvistarleifar sé að ræða.

[3504-060] hóll – óþekkt

Minjarnar voru skráðar af FSÍ árið 2001 og aftur 2021 undir númerunum SP-250x:015 og SP-250x:015_2 (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:38; Orri Vésteinsson 2001:20). Minjarnar eru staðsettar norðarlega í heimatúninu, um 164 m norðan við bæjarhólinn og 16 m vestan við veginn.



Mynd 59. Hóll [3504-060], mynd tekin til norðausturs.

Um er að ræða lítinn, lágan ávalan hól um

8,5x6,5 m á stærð. Ekki sjást nein ummerki á hólnum en hann er eini hóllinn á annars sléttu túninu. Austan við hann eru óreglulegar hvompur sem mögulega eru jarðsig eða gamlir hverir, í fyrri skráningu eru þær taldar mögulegur niðurgroftur (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:38).

[3504-061] þúst – óþekkt

Minjarnar voru skráðar af FSÍ árið 2001 af loftmynd undir númerinu SP-250x:115 (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:94). Í fyrri fornleifaskráningu segir:

„Mögulegar mannvistarleifar eða þúst virðist um 230 m NNV við bæjarhólinn á Þeistareykjum en innan við 20 m sunnan við veginn.

Ekki er fullvíst að mannvistarleifar leynist á þessum stað og er mögulegt að þarna blekki sýn á loftmynd uppgróinn uppblástur. Engu að síður var staðurinn látinn njóta vafans. Samkvæmt loftmynd mætti ætla að á þessum stað kunni að vera lítil þúst eða tóft 7 x 4 m að stærð. Hún virðist snúa NNV-SSA en hvorki er hægt að lýsa henni frekar eða staðfesta að um mannvistarleifar sé að ræða nema með vettvangsathugun.“ (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:94).

Minjarnar voru mældar upp við vettvangsskoðun nú og verður það að teljast nokkuð hæpið að um mannvistarleifar sé að ræða. Trúlega er þetta náttúrumyndun, líklegast gróinn uppblástur en opin uppblásturssár eru þarna stutt sunnan við.



Mynd 60. Þúst [3504-061], mynd tekin til norðurs.

[3504-062] tóft – óþekkt

Minjarnar voru skráðar af FSÍ árið 2001 og aftur 2021 undir númerunum SP-250x:008 og SP-250x:008_04 og mældar upp af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 undir númerinu 525 (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:30; Sigurður Bergsteinsson 2008; Orri Vésteinsson 2001:17). Minjarnar eru staðsettar í suðvesturhorni heimatúnsins á



Mynd 61. Tóft [3504-062], mynd tekin til suðvesturs.

milli gerðanna tveggja sem standa þar í horninu. Tóftin er 12-6,5 m að stærð og er sambyggð garðlögum [3504-009 & -038]. Innra rými tóftarinnar er 7,5x2,5 m að stærð og er inngangur á

suðvesturgafli hennar, veggir tóftarinnar eru 0,3-0,5 m á hæð og 1-2 m á breidd. Í fyrri fornleifaskráningu er þess getið að tóftin gæti verið kvíar (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:30).

[3504-063] garðlag – óþekkt

Minjarnar voru skráðar af FSÍ árið 2001 og aftur 2021 undir númerinu SÞ-250x:014 (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:37; Orri Vésteinsson 2001:19-20). Minjarnar eru staðsettar stutt norður af garðlagi [3504-038] og liggja þétt austan við tóft [3504-037]. Um er að ræða 60 m garðlagsbút sem virðist liggja í framhaldi af austurhluta garðlags



Mynd 62. Garðlag [3504-063], mynd tekin til vesturs.

[3504-038]. Garðlagið er mikið sigið og flatt út og ekki er útilokað að um náttúrumyndun sé að ræða. Garðlagið er 1,5-4 m breitt og um 0,1-0,2 m á hæð. Í fyrri fornleifaskráningu er þess getið að garðlagið gæti verið hluti af þriðja gerðinu í vesturhluta túnsins, þá framhald eða viðbót við gerðið sem afmarkað er af garðlagi [3504-038] (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:37).

[3504-064] heimild – kirkja

Minjarnar voru skráðar af FSÍ árið 2001 og aftur 2021 undir númerinu SÞ-250x:004 (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:27; Orri Vésteinsson 2001:16). Í fyrri fornleifaskráningu segir um minjarnar:

„Kirkja var á Þeistareyjum og er hennar getið í máldögum á 14. og 15. öld: 1394: "[í Múla] er þriggja presta skyld og tveggja diackna. taka heima j leygu fíorar merckur. enn vtann gardz adrar fíorar ef ecki lyckst af þeistareykium." - DI III 576-78. 1461: "[í Múla] er þriggja presta skyld oc tveggja diakna. tekzt heima j leigu. iiij. merkr. en vtan gardz adrar. iiij. ef lykzt af þeistareykium." DI V, 284. Ekki er vitað hvar kirkjan stóð og engar af hinum fjölmörgu tóftum í Þeistareykjatúni líkjast kirkju. Líklegast er að kirkjan hafi verið nálægt bænum, t.d. á rústarananum mikla sem gengur norðvestan undan bæjarhólnum. Múlakirkjumáldagar frá 1394 og 1461 - þó misvísandi séu - verða ekki

skildir öðruvísi en að bænhús eða kirkja hafi verið á Þeistareykjum á miðöldum. Ekki er getið um aðrar útkirkjur í Múlaþingum en á Rauðuskriðu, en þar var hálfkirkja sem væntanlega hefur greitt 2 merkur fyrir þjónustu Múlaprests og gæti þá komið heim og saman að önnur hálfkirkja hafi verið á Þeistareykjum sem greiddi hið sama. Sé hinsvegar máldaginn frá 1394 réttari þá verður hann varla skilinn öðruvísi en að afgjaldið af Þeistareykjakirkju hafi verið til viðbótar mörkunum fjórum sem Múlaprestur fékk utangarðs. Það orðalag gæti bent til að kirkjan á Þeistareykjum hafi ekki fengið reglulega þjónustu og því ekki komið af henni reglulegar tekjur.“ (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson 2021:27

Engin ummerki sáust um minjarnar á vettvangi.

Niðurstöður


Í heildina voru 64 minjar skráðar við fornleifaskráninguna nú. Allar skráðar minjar höfðu áður verið skráðar en ekki allar verið mældar upp og skoðaðar á vettvangi og uppfylltu því ekki staðla skráningar fornleifa og voru unnar bætur á því. Voru allar áður skráðar fornleifar mældar upp aftur en töluverður tími var liðinn frá uppmælingu þeirra, í nokkrum tilfellum var ljóst að minjarnar voru orðnar ógreinilegri en aðstæður á vettvangi spila þar líka inn í og var létt snjófól yfir svæðinu þegar hluti minjanna var skráður nú.

Þeistareykir verða að teljast nokkuð einstakt minjasvæði fyrir þær sakir hversu mikið er af minjum innan og við gamla heimatúnið. Það má trúlega rekja til þess að þó ekki sé samfelld byggð á Þeistareykjum hafa menn trúlega alltaf sótt þangað einhverjar nytjar. Aðalástæðuna fyrir fjölda greinilegra minja má þó trúlega rekja til þess að tún voru ekki sléttuð með stórvirkum vinnuvélum og minjarnar því ekki horfið í tún og eftir stendur heilstætt minjasvæði þar sem greina má minjar sem trúlega ná langt aftur í aldir ásamt yngri minjum frá upphafi 20. aldar.

Heimildaskrá

- Árni Magnússon & Páll Vídalín (1943). *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 11. bindi. Hið íslenska Fræðafjelag í Kaupmannahöfn. L. Möller. Kaupmannahöfn.
- Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Orri Vésteinsson (2021). *Fornleifar á Þeistareykjum: Samantekt um þekktar fornleifar*. Fornleifastofnun Íslands. FS835-20491.
- Helgi Jónasson, Jóhanna Á, Steingrímsdóttir & Erlingur Arnórsson (1985). *Byggðir og bú Suður-Þingeyinga 1985*. Búnaðarsamband Suður-Þingeyjarsýslu. Oddi. Reykjavík.
- Íslenzkt Fornbréfasafn II (1893). Hið Íslenska Bókmenntafélag. Möller & Thomsen. Kaupmannahöfn.
- Kristján Jóhannesson (1980). Úr sögu byggðar á Þeistareykjum, *Árbók Þingeyinga* 1980. bls. 107-121.
- Orri Vésteinsson (2001). *Þeistareykir í Suður Þingeyjarsýslu Fornleifakönnun*. Fornleifastofnun Íslands. FS152-01161.
- Ólafur Jónsson (1945). *Ódáðahraun*. III. bindi. Bókaútgáfa Norðri hf. Akureyri.
- Ólafur Olavius (1964-1965). *Ferðabók: landshagir í norðvestur-, norður-, og norðaustursýslum Íslands 1775-1777*. I-II. bindi. Steindór Steindórsson þýddi. Bókfellsútgáfan. Reykjavík.
- Sigurður Bergsteinsson (2008). *Þeistareykir: Fornleifaskráning*. Skýrslur Fornleifaverndar ríkisins nr. 2008:13
- Uggi Ævarsson (2007). *Deiliskráning vegna fyrirhugaðra framkvæmda við línustæði og orkuvinnslustöðvar: Krafla – Gjástykki – Þeistareykir – Bakki*. Fornleifastofnun Íslands. FS366-07211.
- Uggi Ævarsson (2008). *Fornleifaskráning á fyrirhuguðu vegarstæði: Húsavík – Þeistareykir – Kvíhólar*. Fornleifastofnun Íslands. FS395-08211.
- Örnefnaskrá, Þeistareykjafréttur (1968). Ari Gíslason.
- Örnefnaskrá, Þeistareykjaland. Kristján Loftsson.

Viðauki I. Vegna tilefnis



Kort 4. Skráðar minjar í og við framkvæmdarsvæðið.

Fyrirhugaðar framkvæmdir eru staðsettar nyrst í heimatúni Þeistareykja en þar er á skipulagi byggingarlóð þar sem er fyrirhugað aðstöðuhús, bílastæði, rútustæði, snyrtingar og aðstaða ferðaþjónustufyrirtækja. Ein skráð fornleif kemur til með að lenda að hluta til undir bílastæðinu innan byggingarlóðarinnar og er það hóll [3504-060]. Byggingarlóðin liggur einnig að hluta til innan 15 m friðhelgaðs svæðisins sem umlykur friðaðar fornleifar í tilfelli minja [3504-034, -035 & -036]. Uppmæling túngarðar [3504-012] endar um 16 m austan við byggingarlóðina en það má þó teljast öruggt að ef um eiginlegan túngarð sé að ræða þá liggur hann lengra til vesturs þó að ummerki þess sjáist ekki á yfirborði. Miðað við stefnu túngarðins eru líkur á því að hann liggi undir miðjum byggingarreitnum og það jarðrask sem fylgir framkvæmdum á byggingarreitnum gæti komið til með að raska minjunum ef þær liggja þarna undir. Vakin er athygli á því að ef ráðast á í uppbyggingu vegarins sem liggur um gamla Þeistareykjartúnið þá eru þar a.m.k. um

fimm minjar, [3504-021, -026, -048, -054 & -052], sem liggja fast við veginn og yrðu í hættu vegna framkvæmda tengdum vegagerð.

Samkvæmt 3. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 teljast friðaðar fornleifar hvers kyns mannvistarleifar, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og er 100 ára og eldri. Í 21. gr. sömu laga segir enn fremur að fornleifar sem njóta friðunar í krafti aldurs megi enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Sé ekki unnt að fyrirbyggja rask á minjunum gæti þurft að grípa til mótvægisáðgerða, sem geta falið í sér frekari rannsókn á minjunum. Í þessu tilfelli gætu mótvægisáðgerðir verið á þann veginn að grafinn verði könnunarskurður í hól [3504-060] í þeim tilgangi að staðfesta hvort um eiginlegar minjar sé að ræða og leitast við að meta aldur, eðli og umfang þeirra. Nokkuð miklar líkur verða að teljast til þess að túngarður [3504-012] liggi undir sverði undir fyrirhuguðum byggingarreit og haldist hann óbreyttur þarf að taka til mótvægisáðgerða. Þær mótvægisáðgerðir myndu fela í sér að grafnir yrðu 1-2 könnunarskurðir þvert á stefnu túngarðarins innan byggingarreitsins með það að markmiði að staðsetja og meta aldur, eðli og umfang minjanna. Það er Minjastofnunar Íslands að meta eðli og umfang minjanna og setja þá skilmála sem henni kann að þykja nauðsynlegir.

Viðauki II. Minjaskrá


Númer	Teg.	Hlutverk	Vernd	Ástand	Aldur	ÍSNET E	ÍSNET N
3504-001	tóft	óþekkt	friðað	greinanlegar	870-1900	592813.3	599471.9
3504-002	tóft	óþekkt	friðað	vel greinanlegar	870-1900	592916.7	599354.5
3504-003	tóft	óþekkt	friðað	greinanlegar	870-1900	592923.7	599293.6
3504-004	tóft	óþekkt	friðað	greinanlegar	870-1900	592953.4	599288.1
3504-005	tóft	óþekkt	friðað	greinanlegar	870-1900	592957.5	599267.5
3504-006	tóft	óþekkt	friðað	vel greinanlegar	870-1900	593001.6	599281.5
3504-007	garðlag	óþekkt	friðað	illgreinanlegar	870-1900	593006.3	599291.4
3504-008	tóft	fjárhús	friðað	vel greinanlegar	1500-1900	592982.9	599298.6
3504-009	garðlag	túngarður	friðað	greinanlegar	870-1900	592978.2	599312.7
3504-010	garðlag	túngarður	friðað	illgreinanlegar	870-1900	593003.1	599309.2
3504-011	garðlag	óþekkt	friðað	greinanlegar	870-1900	593018.1	599307.3
3504-012	garðlag	túngarður	friðað	illgreinanlegar	870-1700	593162.3	599570.8
3504-013	garðlag	túngarður	friðað	illgreinanlegar	870-1700	593267.3	599569.9
3504-014	þúst	óþekkt	friðað	illgreinanlegar	870-1900	593292.4	599246.9
3504-015	þúst	óþekkt	friðað	illgreinanlegar	870-1900	593270.4	599222.3
3504-016	tóft	sæluhús	friðað	vel greinanlegar	1900-2000	593211	599198.2
3504-017	tóft	óþekkt	friðað	greinanlegar	1500-1900	593208	599209.5
3504-018	þúst	óþekkt	friðað	greinanlegar	870-1900	593182.5	599277.3
3504-019	tóft	óþekkt	friðað	greinanlegar	1000-1900	593156.9	599309.7
3504-020	garðlag	óþekkt	friðað	greinanlegar	870-1900	593158.1	599342.2
3504-021	tóft	óþekkt	friðað	greinanlegar	870-1900	593115.6	599327.6
3504-022	tóft	óþekkt	friðað	sést ekki	870-1900	593120.7	599326.9
3504-023	tóft	óþekkt	friðað	greinanlegar	1000-1900	593122.8	599343.5
3504-024	tóft	óþekkt	friðað	greinanlegar	870-1700	593124.8	599370.9

3504-025	tóft	óþekkt	friðað	greinanlegar	870-1900	593119	599382.4
3504-026	tóft	óþekkt	friðað	greinanlegar	870-1900	593103	599387.4
3504-027	tóft	óþekkt	friðað	greinanlegar	870-1900	593105.1	599398.5
3504-028	tóft	óþekkt	friðað	greinanlegar	870-1900	593108.9	599410.3
3504-029	tóft	óþekkt	friðað	greinanlegar	870-1700	593143.4	599387.6
3504-030	tóft	óþekkt	friðað	greinanlegar	870-1800	593153	599395.4
3504-031	tóft	óþekkt	friðað	greinanlegar	870-1800	593162.1	599412.2
3504-032	tóft	óþekkt	friðað	greinanlegar	870-1800	593188.6	599397.3
3504-033	tóft	óþekkt	friðað	vel greinanlegar	1500-1900	593150.8	599481
3504-034	tóft	óþekkt	friðað	greinanlegar	870-1700	593090.9	599500.3
3504-035	dæld	óþekkt	friðað	greinanlegar	870-1900	593089.4	599503.6
3504-036	tóft	óþekkt	friðað	greinanlegar	870-1900	592990.8	599489.7
3504-037	tóft	óþekkt	friðað	greinanlegar	1600-1900	592969.5	599463.9
3504-038	garðlag	óþekkt	friðað	greinanlegar	870-1900	592963.8	599377.6
3504-039	tóft	óþekkt	friðað	greinanlegar	870-1900	592951.7	599363.3
3504-040	tóft	heygeymsla	friðað	greinanlegar	870-1900	592972.8	599356.8
3504-041	tóft	heygeymsla	friðað	greinanlegar	1500-1900	592980.1	599380.4
3504-042	garðlag	óþekkt	friðað	greinanlegar	870-1900	593004.8	599360.9
3504-043	garðlag	óþekkt	friðað	greinanlegar	870-1900	593007.9	599350.5
3504-044	garðlag	óþekkt	friðað	greinanlegar	870-1900	593008.6	599335.9
3504-045	þúst	óþekkt	friðað	illgreinanlegar	870-1900	593034.9	599322.7
3504-046	tóft	óþekkt	friðað	illgreinanlegar	870-1900	593055.1	599350.4
3504-047	tóft	óþekkt	friðað	greinanlegar	1500-1900	593071.6	599365.6
3504-048	bæjarhóll	bæjarstæði	friðað	greinanlegar	870-1900	593087.7	599342.1
3504-049	tóft	fjárhús	friðað	greinanlegar	1800-1900	593078.1	599278.4
3504-050	tóft	hesthús	friðað	greinanlegar	1800-1900	593043.2	599247.3
3504-051	tóft	óþekkt	friðað	greinanlegar	870-1900	593317.7	599194.8

3504-052	þúst	óþekkt	friðað	greinanlegar	870-1900	593093	599306.9
3504-053	tóft	óþekkt	friðað	greinanlegar	870-1900	593102.7	599301.1
3504-054	tóft	óþekkt	friðað	greinanlegar	870-1900	593056.2	599313.9
3504-055	hleðsla	brunnur	friðað	vel greinanlegar	870-1900	593055.2	599371.7
3504-056	þúst	óþekkt	friðað	greinanlegar	870-1900	593046.4	599387.6
3504-057	þúst	óþekkt	friðað	greinanlegar	870-1900	593033.7	599384.6
3504-058	tóft	óþekkt	friðað	greinanlegar	870-1900	592920.1	599340.2
3504-059	tóft	óþekkt	friðað	greinanlegar	870-1900	592945	599468.9
3504-060	tóft	óþekkt	friðað	greinanlegar	870-1900	593022.1	599512.7
3504-061	þúst	óþekkt	annað	greinanlegar	870-1900	592945.2	599535.2
3504-062	þúst	óþekkt	friðað	greinanlegar	870-1900	592978.8	599329.5
3504-063	garðlag	óþekkt	friðað	greinanlegar	870-1900	592971.4	599459.1
3504-064	heimild	kirkja	friðað	sést ekki	1000-1600	593066.4	599348.3

Viðauki III. Minjakort

Minjakort



○ Minjar punktar

■ Minjar flákar

□ Skráningarsvæði

0 100 200 300 m